

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTI

Menntaskólinn á Akureyri

Ytra mat vorið 2023



Virðing - Víðsýni - Árangur

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Akureyri vorið 2023
Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir

Unnar Örn Þorsteinsson

Myndir tók Unnar Örn Þorsteinsson

Aðrar myndir í skýrslunni eru sóttar á vefsvæði Menntaskólans á Akureyri með heimild skólameistara

ISBN 978-9979-0-2858-1

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn á Akureyri er einn af elstu skólum landsins en skólinn á rætur að rekja til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum sem stofnaður var árið 1880. Nafn sitt fékk hann með lögum árið 1930 þegar fyrstu stúdentarnir voru brautskráðir. Skólinn hefur frá upphafi verið bekkjarskóli en á áttunda áratug síðustu aldar tók skólinn upp áfangakerfi en bekkjarkerfinu þó haldið. Skólinn starfar eftir þremur gildum sem eru virðing - víðsýni – árangur. Skólinn býður upp á bóknám til stúdentsprófs á sjö brautum auk almennrar brautar-hraðlínu sem er nám fyrir nemendur sem kom beint úr 9. bekk grunnskóla. Skólanámskrá er jafnframt vefur skólans og er í sífelldri endurskoðun. Nemendafjöldi í dagskóla við upphaf haustannar 2022 var 605 sem er aukning um 78 nemendur frá hausti 2021 en athygli vekur að nemendur hafa ekki verið fleiri við upphaf haustannar síðan árið 2018 en þá voru þeir 745 sem var síðasta skólaárið með fjögurra ára námtíma til stúdentsprófs. Flestir nemenda skólans koma frá Akureyri eða 68% en séu teknir með nemendur af Norðurlandi eystra eru það 84%, nemendur koma þó víða af landinu eða úr um 60 póstnúmerum. Flestir nemendur skólans eru á aldrinum 16-19 ára eða 92% og konur eru í meirihluta eða 64% en karlar 36%. Nokkurt jafnvægi virðist vera í fjölda innritaðra nýnema að hausti eða um 189 að meðaltal árána 2018-2021 en síðasta ár sker sig úr með 240 innritaðra nýnema. Brotthvarf nema úr námi er að meðaltali 3,8% síðustu ár en árið 2021 sker sig úr með 5,1% brottfall. Á árunum 2019-2022 hafa 975 nemar útskrifast frá MA en flestir útskrifast af félagsgreinabraut eða 289 og náttúrufræðibraut 193.

Við upphaf haustannar 2022 var starfsfólk skólans 75 í 67,75 stöðugildum. Af þeim voru kennarar 54 í 50 stöðugildum. Í kennarahópnum voru karlar 26 en konur 49. Kennarar skólans hafa allir lokið háskólaprófi en fjórir eru án kennsluréttinda. Um 40% kennara hefur styttri starfsaldur en 10 ár en 10 kennarar lengri starfsaldur en 20 ár og þar af fimm með lengri en 30 ár. Starfsmannavelta hefur verið nokkur síðustu fimm ár eða á bilinu 6,4% til 13,3%. Starfsfólk sem látið hefur af störfum á síðustu fimm árum er 45 en 11 þeirra hættu vegna aldurs en aðrir hafa horfið til annarra starfa eða í nám.

Stefna og markmið MA eru sett fram í Skólasýn og skólanámskrá sem birt er á vef skólans. Meginmarkmið skólans er að búa nemendur vel undir háskólanám í lýðræðisþjóðfélagi og koma öllum nemendum til nokkurs þroska. Stúdentar frá MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Í máli skólameistara kom fram að sýn og stefna skólans byggji á klassískum gildum og ætluin sé að fara í stefnumótunarvinnu með vorinu með þátttöku allra hagsmunaaðila. MA setti umhverfisstefnu árið 2008 sem endurskoðuð hefur verið reglulega og er loftslagsstefnan viðbót við umhverfisstefnuna. MA er grænánaskóli og hefur lokið þremur skrefum í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“. MA hefur sett jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun fyrir árin 2020-2023 og jafnréttisdagar eru haldnir árlega. Skólinn er jafnlaunavottaður frá árinu 2020 og uppfyllir kröfur ÍST 85:2012. Handbók jafnlaunakerfis er hluti af gæðaskjölum skólans. Starfsmannastefna MA er í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsfólks ríkisins og persónuverndarstefna er í samræmi við lög nr. 90/2018. MA er heilsueflandi framhaldsskóli og er það hluti af forvarnarstefnu skólans. Haustið 2022 setti MA stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi einnig rýmingaráætlun og neyðarstjórn ef óvænt áföll verða.

Við stjórnun MA er lögð áhersla á lýðræðislega og sanngjarna stjórnunarhætti þar sem unnið er að hugmyndafræði og markmiðum í samráði við starfsfólk. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að gott aðgengi er að skólameistara og stjórnendum skólans og þau eru sýnilegir í skólastarfinu. Kennarar eru þátttakendur

í ákvarðanatöku og „þeir hafi rödd.“ Jákvaðni ríkir í garð skólameistara, fagleg forysta er skýr og hann sýnir starfsfólki og nemendum áhuga. Hjá forystu skólafélagsins kom fram að samskipti við skólameistara og stjórnendur gangi vel, aðgengi væri gott og vel tekið á þeirra málum. Skólameistari væri sýnilegur og hafi virkan áhuga á því sem í gangi er í skólafélaginu. Stjórnendateymið fundar einu sinni í viku um innri málefni skólans og fram kom hjá stjórnendum að fundirnir væru verkefnamiðaðir og góður starfsandi væri innan hópsins. Þá eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri með sameiginlega skrifstofu sem er breyting frá því sem áður var og eykur samstarf þeirra. Vikulega er sendur út vikupistill frá stjórnendum á starfsfólk og einu sinni á önn fréttabréf til foreldra ólögráða nemenda. Í könnun SFR, Stofnun ársins árið 2022 kemur fram að heildarniðurstaða um stjórnun í MA er 4,23 (af 5) og í heildina er niðurstaða skólans 4,12, sem er nánast sú sama og undangengin ár.

Gæðaráð var stofnað árið 2016 og fundar það vikulega um innra mat skólans. Sjálfsmatsáætlun gæðaráðs byggir á ákveðnum meginstöðum í starfinu og er birt til þriggja ára í senn. Yfirgripsmikil skýrsla gæðaráðs er gefin út árlega og birt á vef skólans. Undirbúningur að gæðahandbók hófst á skólaárinu 2016-2017 og eru skjöl í gæðahandbók nú á annað hundrað, en gæðahandbókin er aðeins aðgengileg innan skólans. Gæðahandbókin byggir á þörfum skólans og tekið er mið af ISO9001 staðalinnu. Á hverri önn fer fram áfangamat og á grundvelli þess er gripið til ráðstafana. Hlýtt á starfsfólk og hlýtt á nemendur er verkefni sem verið hefur í MA um árabíl og felur í sér að kanna hug nemenda og starfsfólks til málefna innan skólans. Sjálfsmat deilda er fólgið í áfangaskýrslum kennara og fagstjóra. Könnun meðal forsjáradila ólögráða nemenda var í gangi þegar matsaðilar heimsóttu MA.

Hjá kennurum MA kom fram að kennsluhættir væru almennt fjölbreyttir og unnið hafi verið að breyttum kennsluháttum síðustu ár. Námið væri orðið verkefnamiðaðra, leiðsagnarnám hefði aukist, samþætting námsgreina og námsferðir væru almennar. Kennarar sögðu að lögð væri aukin áhersla á að virkja nemendur og almennt væru þeir að vinna vel í námsgreinum. Nemendur töldu kennsluna hefðbundna en ýmsar nýjungar væru þó í gangi eins og vinnustundin í náttúrugreinum. Námsval er fjölbreytt og námsmat hefur færst frá lokaprófum í símat. Stoðþjónusta skólans er góð og aðgengileg að mati nemenda og umsjónarkerfið virkar ágætlega. Alþjóðlegt samstarf er fastur liður í skólastarfinu og kennarar eru hvattir til nýbreytni og þróunarstarfa.

Í máli stjórnenda MA kom fram að skólabragurinn væri jákvæður og byggður á gömlum grunni sem er að bjóða upp á metnaðarfullt bóknám til stúdentsprófs. Þá einkenna hefðir af ýmsum toga skólabraginn og öflugt og metnaðarfullt félagslíf nemenda. Fram kom hjá kennurum að skólabragurinn og starfsandinn væri góður en hópurinn væri þó dálítill þrískiptur eftir þremur húsum skólans. Vinnustaðurinn væri góður en vinnuaðstaða kennara þó misjöfn. Í könnuninni Stofnun ársins árið 2022 var starfsandinn með einkunnina 4,24 (af 5) og ánægja starfsfólks og stolt með vinnustaðinn 4,44. Nemendur sögðu að MA væri góður skóli og andrúmsloftið gott þó rígur væri milli námsára/brauta. Yngri nemendur töldu MA „þínu ferkantaðan skóla“ og nemendur þyrftu að vera ákveðnar týpur en sviðslistabrautin hefði brotið það upp. Almennt líður nemendum vel og gleði er í nemendahópnum að mati starfsfólks og nemenda en ekki liggja fyrir niðurstöður kannana á því.

Félagslíf í MA er öflugt og margt í gangi svo sem; árshátíðin, söngkeppni, Ratatoskur (opnir dagar), Leiktu betur, Gettu betur Morfís. árleg leiksýning, söngsalur, kvöldvökur, gleðidagar, íþróttakeppnir,

ræðukeppnir, nýnemamóttaka, góðgerðarvika, tónlistarkeppnin, Viðarstaukur, Brunnárhlaup og jólatónleikar. Í rýnihópi stjórnar skólafélagsins kom fram að „félagslífið væri einmitt það sem gerði MA að því sem hann er“. Góð þátttaka er á viðburði og 95% nemenda mættu á árshátíðina. Þau sögðu aðstöðuna í skólanum mjög góða en flestir viðburðir fara fram í skólanum og samskipti við skólastjórnendur, félagslífsfulltrúa og húsverði gangi mjög vel. Stjórnin undirritar heiðursmannasamkomulag við foreldrafélagið varðandi móttöku nýnema sem virðist koma vel út að mati forsjáraðila.

Ný skólanefnd var skipuð við MA vorið 2021 og fundar nefndin að jafnaði einu sinni í mánuði. Nefndin setur sér fundar- og starfsáætlun fyrir skólaárið og eru helstu fundarefni áherslur skólans, skólanámskrá, farsæld barna, fjárhagsáætlun, gæðaráð, helstu samningar skólans, lýðræðisleg aðkoma nemenda, móttökuáætlanir nemenda, viðbragðsáætlun skólans um kynbundið ofbeldi, einelti og kynferðislegt áreiti og félags- og menningarlíf. Í máli formanns kom fram að gæðaráð þyrfti að efla, stefna skólans og umbótaáætlun væri of gömul. Skólanámskráin væri inni í starfsáætlun nefndarinnar til staðfestingar en til standi að endurskoða hana. Brýnt væri að samþætta meira námsgreinar, auka persónumiðað nám og nútímavæða starfshætti. Þá væri áriðandi að fjármál skólans væru innan heimilda og að áætlanir virki. Formaður sagði samskipti við skólastjórnendur ganga vel og að orðspor skólans í samfélaginu væri traust og virðulegt.

Fram kom hjá fulltrúum foreldrafélagsins að stjórnin fundaði að öllu jöfnu mánaðarlega um ýmis mál er koma upp í tengslum við ólögráða nemendur skólans. Áhugi væri hjá foreldrafélaginu fyrir spennarkerfinu, um breytt annarfyrirkomulag, sem rætt hefði verið um innan skólans og að einkunnarreglan í INNU sé nýtt til að auðvelda forsjáraðilum að fylgjast með stöðu nemenda. Að mati forsjáraðila er skólabragur og umtal um skólann gott og jákvætt. Styttingu náms í þrjú ár fylgi hins vegar ákveðin félagsleg skerðing og nemendur verði að velja á milli þess að taka þátt í félagslífinu eða sinna heimanámi en mikil félagsleg pressa fylgir því að útskrifast með sínum bekk þó boðið sé upp á sveigjanleg námslok.

Húsnæði MA er tæpir 7000 fm í þremur húsum, auk íþróttahúss og tengigangs. Skólinn er snyrtilegur og vel við haldið en fram kom hjá húsverði að samstarf við Fasteignir ríkisins um viðhald gangi mjög vel. Kennslustofur eru ólíkar eftir húsum en unnið hefur verið jafnt og þétt að því að endurnýja stofur. Endurnýja þar tæki og búnað í efnafræði og líffræði og aðstaða fyrir sviðslistir er takmörkuð. Vinnuaðstaða kennara er ólík eftir húsum og þarfnast lagfæringar einkum . Mikil ánægja er hjá nemendum með Kvosina, miðrými og sal skólans, og flestir atburðir félagslífs fara þar fram. Húsnæði skólans er prýtt listaverkum og setur það sterkan svip á hvert rými fyrir sig.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	5
Inngangur	7
Menntaskólinn á Akureyri	9
Nemendur og nám.....	9
Starfsfólk.....	15
Viðmið og vísbendingar	18
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	18
1.1. Um stefnu og áætlanir	18
1.2. Um stjórnendur	19
1.3. Um skipulag, verklagsreglur	19
1.4. Um innra mat	20
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	21
2.1. Um nám og kennslu.....	21
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	22
2.3. Um námsmat.....	22
2.4. Um kennara.....	23
2.5. Um námsgögn	23
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	24
3.1. Um skólabrag.....	24
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	24
3.3. Um félagslíf nemenda.....	25
3.4. Um samskipti við foreldra / forsjáraðila	25
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	25
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	26
Þáttur 5: Lykilárangur	27
5.1. Um námsárangur	27
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	27
5.3. Um langtímaárangur.....	28

Viðaukar – Greinargerð matsmanna	29
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	29
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	40
Umfjöllun um samskipti og líðan	46
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	52
Umfjöllun um lykilárangur	57
Heimildir og tilvísanir.....	62
Listi yfir töflur	6
Tafla 1. Fjöldi nemenda vor og haust 2018 – 2022.....	10
Tafla 2. Hvaðan koma nemendur(póstnúmer haust 2021 og vor 2022)	10
Tafla 3. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2018 til 2022 eftir kyni.....	12
Tafla 4. Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni.....	12
Tafla 5. Skipting nemenda á námsbrautir á haustönn 2018-2022 greind eftir kyni.....	13
Tafla 6. Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022	13
Tafla 7. Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2018–2022	14
Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vorin og haust 2018–2022 á hverri námsbraut og alls	14
Tafla 9. Starfsheiti, fjöldi, stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2022	15
Tafla 10. Menntun kennara haust 2022	16
Tafla 11. Starfsaldur kennara haust 2022.....	16
Tafla 12. Starfsmannavelta 2018-2022.....	17
Listi yfir myndir	6
Mynd 1. Merki MA.....	29
Mynd 2. Skólasýn og einkunnarorð MA.....	30
Mynd 3. Skipurit MA.....	33
Mynd 4. Kort af húsnæði MA.....	54
Mynd 5. Kennslustofa í eðlisfræði	55
Mynd 6. Listaverk prýða kennslustofur	56

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Menntaskólans á Akureyri er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í janúar 2022.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Menntaskólans á Akureyri. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórdi hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Menntaskólanum á Akureyri.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögunum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögunum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytis auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólahaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samofið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsfólks, forsjáraðila, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í janúar árið 2023 sendi Menntamálastofnun Menntaskólanum á Akureyri bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá sjötíu og átta viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta.
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að styðja við áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

1. Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsaðila. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, samninga og skýrslur.
2. Vefsvæði skólans (<http://www.ma.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
3. Vettvangsheimsókn og umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsfólks með stýrðu slembivali. Menntaskólinn á Akureyri sá um að boða viðmælendur til funda. Rætt var við skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautarstjóra, fjármálastjóra, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðing, formann skólanefndar, formann foreldraráðs, rýnihóp kennara, rýnihóp fagstjóra, rýnihóp starfsfólks, rýnihóp sjálfsmatsteymis og gæðastjóra, tvo rýnihópa nemenda annars vegar nemendur yngri en 18 ára og hins vegar nemendur eldri en 18 ára, og stjórn nemendafélags MA ásamt umsjónarmanni félagslífs og forvarnarfulltrúa. Viðmælendur voru alls 54.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Menntaskólanum á Akureyri fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Menntaskólinn á Akureyri

Á vef skólans kemur fram að Menntaskólinn á Akureyri (MA) er ein af elstu menntastofnunum landsins. Rætur skólans má rekja til norðlenska skólans á Möðruvöllum í Hörgárdal sem stofnaður var árið 1880 en eftir að skólahúsið á Möðruvöllum brann árið 1902 var skólinn fluttur til Akureyrar og var Gamli skólinn reistur árið 1904. Eftir að skólinn var kominn til Akureyrar breyttist nafn hans í Gagnfræðaskóla Akureyrar sem síðar með lögum varð að Menntaskólanum á Akureyri árið 1930. Haustið 1969 var tekið í notkun viðbótar kennsluhúsnæðið Möðruvellir og árið 1996 var tekið í notkun kennsluhúsnæðið Hólar með bókasafni og samkomusal, Kvosin. Árið 2003 var síðan tekið í notkun nýtt heimavistarhús sem er sameiginlegt fyrir MA og VMA og tekur um 300 nemendur.

Menntaskólinn á Akureyri hefur alla tíð verið bóknámsskóli sem býður upp á nám til stúdentsprófs. Nöfn á brautum, deildum eða sviðum hafa breyst í tímans rás en með námskrá frá árinu 2016 er í skólanum félagsgreinabraut, kjörnámabraut – tónlist í samstarfi við Tónlistarskólana á Akureyri og Eyjafirði, mála- og menningarbraut, náttúrufræðibraut og raungreinabraut. Þá hófst kennsla á kjörnámabraut-sviðslist við upphaf haustannar 2020 og á heilbrigðisbraut og raungreina-tæknibraut haustið 2021.

Í MA er góð aðstaða til náms, kennt er í bekkjum og námið er áfangaskipt. Frá árinu 2016 býður skólinn upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs með valmöguleika á sveigjanlegum námslokum. Þá býður skólinn nemendum úr 9. bekk grunnskóla nám á hraðlínu. Meginmarkmið skólans er sem fyrr að búa nemendur vel undir háskólanám í lýðræðisþjóðfélagi og koma öllum nemendum til nokkurs þroska.

Einkunnarorð skólans eru:

Virðing – Víðsýni – Árangur

Nemendur og nám

Í Menntaskólanum á Akureyri hefur verið unnið að nýjungum í kennsluháttum og samþættingu námsgreina með samvinnu kennara í ólíkum greinum. Nám og kennsla er fjölbreytt og verkefnaþriðja, áhersla er jafnt á hópavinnu og einstaklingsverkefni, munnlegt jafnt sem skriflegt, leitarnám og leiðsagnarnám svo eitthvað sé nefnt. Í skólasýn MA kemur fram að starfið þroski víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð. Í öllu skólastarfinu er lögð áhersla á grunnþætti menntunar og nemendur MA læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu. Nemendur læra að tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð og þroska eigin hæfileika. Frumleiki og sköpun gegna mikilvægu hlutverki í MA og skólastarfið eflir málvitund nemenda. Í MA er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund og menningar- og náttúrulæsi. MA leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt eru nemendur í Menntaskólanum á Akureyri flestir haustið 2018 eða 745 en fæstir vorið 2022 eða 494. Hér munar alls 251 nema. Þessa fækkun má meðal annars rekja til styttingar á námi til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár. Auk þess kemur fram að nemendur á vorönn eru jafnan færri en á haustönn innan skólaársins. Munurinn er minnstur skólaárið 2018-2019 eða 9 nemendur en mestur skólaárið 2021-2022 eða 33 nemar. Þá vekur athygli að nemendur á haustönn 2022 eru 605 sem er aukning um 111 nema innan ársins er þetta er afleiðing að mikilli innritun haustið 2022 eins og sjá má í töflu þrjú.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust árin 2018-2022.

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjöldi nem.	738	745	736	563	545	548	526	527	494	605

Nemendur Menntaskólans á Akureyri koma víða af landinu eða úr yfir 60 póstnúmerum. Samkvæmt töflu tvö koma þó langflestir nemendur MA frá Akureyri og Norðurlandi eystra. Frá Akureyri koma um 68% nemenda, 75% nema koma frá Akureyri og nágrenni og 84% frá Akureyri og af norðurlandi eystra.

Tafla 2. Hvaðan koma nemendur MA (póstnúmer – haust 2021 og vor 2022)

Póstnúmer	Fjöldi haust 2021	Fjöldi vor 2022		
	Dagskóli	Dagskóli		
101	1	1		
107	1	1		
110	1	1		
113	1			
170	1	1		
200	3	3		
201	2	2		
203	1	1		
210	1	1		
220	1	1		
221	2	2		
230	3	2		
240	3	3		
260	2	2		
300	3	2		
311	1	1		
340	1	1		
355	1	2		

370		1		
371	1	1		
450	4	4		
500	2	2		
520	1	1		
530	2	2		
531	2	2		
540	2	2		
541	2	2		
545	3	4		
550	1	1		
551	1	1		
560	1	1		
561	2	2		
566	1	1		
570	1	1		
580	2	2		
600	257	250		
601	1	1		
603	112	104		
604	6	6		
605	24	25		
606	6	5		
607	1	1		
610	9	9		
611	1	1		
616	1	1		
620	10	10		
621	2	3		
625	1	1		
640	8	8		
641	4	4		
645	1	1		
660	2	2		
680	4	4		
681	2	2		
690	9	9		
700	2	2		
710	1	1		
730	5	4		
735	3	2		

740	3	3		
750	5	5		
765	1			
850	2	2		
Skiptinemar/óskilgreint	7	4		

Tafla þrjú sýnir þróun í innritun nýnema að hausti frá 2018 til 2022. Öll árin eru fleiri konur í hópi nýnema. Mestur er munurinn árið 2022 en þá voru innritaðar 155 konur eða 65% og innritaðir karlar voru 85 eða 35%. Minnstur er munurinn árið 2021 en þá voru innritaðar 110 konur og karlar voru 61. Í samantekt skólans kemur fram að óvenju margir nýnemar hófu nám í MA haustið 2022 eða alls 240 í 9 bekkjardeildum. Um 60% nýnemanna voru frá Akureyri og tæp 16% annars staðar úr Eyjafirði, rúm 6% voru af höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 3. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2018–2022.

Ár	Karlar	Konur	Annað kyn
2018	62	127	0
2019	64	130	0
2020	65	137	0
2021	61	110	0
2022	85	155	0

Engin nemandi var skráður með kynið kynsegin/annað við innritun né á meðan námi stóð þessi ár.

Tafla fjögur sýnir að af þeim 547 nemendum sem voru við nám í Menntaskólanum á Akureyri á haustönn 2021 voru 185 karlar og 362 konur en enginn var skilgreindur sem annað.kyn. Á haustönn 2021 eru nær allir nemendur á aldrinum 16-19 ára eða 92% nemenda. Elstu nemendur skólans eru fæddir árið 2001, og þeir yngstu eru fæddir 2007. Aldursdreifing nemenda spannar því sjö ár. Konur eru alltaf í meirihluta öll fæðingarárin en á haustönn 2021 eru konur 66% nemenda en karlar 34%.

Tafla 4. Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni

Haustönn 2021			Vorönn 2022		
Fæðingarár:	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
2001	1				
2002	15	11	2002	8	9
2003	49	103	2003	47	105
2004	59	125	2004	59	122
2005	58	109	2005	54	107
2006	3	9	2006	3	9
2007		1	2007		1
Skiptinemar		4	Skiptinemar		3

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbraut eftir kyni frá haustinu 2018 til haustsins 2022. Mestur fjöldi nemenda sækir nám á félagsgreinabraut og náttúrufræðibraut. Stúlkur eru í meirihluta á öllum brautum nema raungreinabraut. Ákveðin fækkun á sér stað á flestum námsbrautum á tímabilinu sem er til skoðunar. Nemendum á raungreinabraut/sviði/tæknibraut fækkar úr 116 haustið 2018 í 71 haustið 2022. Sviðslistabraut er ný braut frá hausti 2020 og heilbrigðisbraut er ný braut frá hausti 2021.

Tafla 5. Skipting nemenda á námsbrautir haust 2018 – 2022 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2018			2019			2020			2021			2022		
	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað
Félagsgreinabraut	104	158		97	164		65	163		45	151		50	142	
Heilbrigðisbraut										19	44		24	78	
Kjörnámsbraut sviðslistir	-						2	16		9	22		7	32	
Kjörnámsbraut tónlist	-	2	6	1	5		4	5		3	5		5	5	
Mála- menningarbraut	og	13	54	10	46		9	46		7	29		7	31	
Náttúrufræðibraut		68	130	76	122		88	119		64	94		63	77	
Raungreinabraut		28	25	24	16		18	9		12	1		3	0	
Raungreina- tæknibraut	og									17	3		42	26	
Raungreinasvið		31	32												
Tungumála- félagsgreinasvið	og	39	55												

Í töflu sex kemur fram að nemendur MA sækja námið sitt ágætlega á haustönn 2021 eða 90%, en verr á vorönn 2022 eða 84,2%. Eitthvað er um veikindaförföll en seinkomur voru ekki skráðar í skólanum. Óútskýrð fjarvera er lítil eða 2,74% á haustönn 2021 og 3,5% á vorönn 2022, og leyfi enn færri.

Tafla 6. Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

	Haustið 2021	Vorið 2022
Mæting	90,0%	84,2%
Veikindi	5,2%	9,0%
Of seint	0,0%	0,0%
Leyfi	2,0%	3,3%
Óútskýrð fjarvera	2,74%	3,5%

Í töflu sjö kemur fram brottfall nemenda haust og vor árin 2018 til 2022. Brotthvarf nemenda er minnst haustið 2019 eða 2,5% en mest vorið 2021 eða 6,4%. Meðaltalsbrotthvarf er minnst árið 2022 eða 3,1%. Mest er brottthvarf nemenda meðaltali árið 2021 eða 5,1%. Taka þarf tillit til og skoða sérstaklega það brottthvarf sem varð á árunum 2020 - 2022 á Covid tíma þegar kennsluhættir breyttust og ekki allir nemendur náðu að fóta sig þó skólinn legði mikið af mörkum til að koma til móts við nemendur.

Tafla 7. Brothvarf nemenda vor og haust árin 2018 til 2022

Ár	Vor %	Haust %	Meðaltal
2018	3,9%	2,8%	3,4%
2019	4,9%	2,5%	3,7%
2020	4,5%	3,3%	3,9%
2021	6,4%	3,7%	5,1%
2022	3,3%	2,9%	3,1%

Tafla átta sýnir fjölda brautskráðra vor og haust 2018 til 2022 á hverri námsbraut og alls. Nemendur eru fyrst og fremst brautskráðir að vori en nemendum með sveigjanleg námslok gefst kostur á brautskráningu í lok haustanna. Þar kemur fram að alls hafa 975 nemendur útskrifast á tímabilinu. Flestir nemendur eru brautskráðir af félagsgreinabraut eða 289 og 193 nemendur hafa útskrifast af náttúrufræðibraut á tímabilinu. Nemendur hafa ekki enn brautskráðst af kjörnámsbraut-sviðslista og heilbrigðisbraut.

Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vor og haust 2018–2022 á hverri námsbraut og alls

Námsbraut	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Félagsgreinabraut			50	1	92		66	4	73	3
Kjörnámsbraut			2		5		2		1	
Mála- og menningarbraut			25		21		18		17	
Náttúrufræðibraut			48	1	55		37	2	50	
Raugreinabraut			15	1	12		7	1	9	
Tónlistarbraut	2				1		0			
Tungumála- og félagsgreinasvið, félagsfræðikjörsvið	67		35				1			
Tungumála- og félagsgreinasvið, sögusvið	12		18							
Tungumála- og félagsgreinasvið, sálfræði- og uppeldisfræðikjörsvið	14		22							
Tungumála- og félagsgreinasvið, tungumálakjörsvið	9		14							
Raugreinasvið, stærðfræði/eðlisfræðikjörsvið	22		10	1						
Raugreinasvið, heilbrigðiskjörsvið	36		27							
Raugreinasvið, náttúrufræðikjörsvið	2		24							
Samtals	164	0	330	4	186	0	131	7	150	3

Starfsfólk

Í stefnumiðaðri áætlun Menntaskólans á Akureyri fyrir árin 2023 til 2025 kemur fram að starfsfólk er 75 í 67,75 stöðugildum, þar af eru 26 karlar og 49 konur. Kennarar eru 54 í 50 stöðugildum, þar af 35 konur í 31,8 stöðugildum og 19 karlar í 18,2 stöðugildum. Meðalaldur karlkyns kennara er 49 ár og meðalaldur kvenkyns kennara er 46 ár. Hlutfall kennara með leyfisbréf er 98%. Skólameistari og aðstoðarskólameistari eru í 100% starfi, tveir brautarstjórar eru í samtals 150% starfi og fjármálastjóri er í 100% starfi. Skólameistari og fjármálastjóri eru karlar, en aðstoðarskólameistari og brautarstjórar eru konur. Náms- og starfsráðgjafar eru tveir í samtals 190% starfshlutfalli, tvær konur. Sálfræðingur er í 100% starfi, bókasafnsfræðingur er í 100% starfi og starfsmaður á bókasafni er í 50% starfi.

Í töflu níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda, stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni hausti 2022.

Tafla 9. Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2022

Starfsheiti	Karlar		Konur		Annað	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1				
Aðstoðarskólameistari			1	1		
Fjármálastjóri	1	1				
Skrifstofustjóri			1	1		
Skólaritari			1	0,72		
Brautarstjórar			2	1,5		
Fagstjórar	2	0,08	4	0,16		
Framhaldsskólakennari/-ar	18	17,94	31	30,04		
Leiðbeinandi/-ur			1	1		
Stundakennari	1	0,25	2	0,56		
Sálfræðingur			1	1		
Tölvuumsjón			1	0,43		
Bókasafn			2	1,5		
Náms- og starfsráðgjafi	1	1	1	0,9		
Gæðastjóri			1	0,5		
Umsjónarmaður fasteigna	2	2				
Matráður			2	0,98		
Ræstitækni/-ar	2	1,41	4	2,71		
Aðrir						
Samtals	28		55			

Í hópi kennara hafa 32 lokið háskólanámi á meistarastigi auk kennsluréttinda, 17 hafa lokið BA/BS prófi auk kennsluréttinda og fjórir kennarar hafa lokið háskólaprófi án kennsluréttinda, eins og sjá má í töflu tíu.

Tafla 10. Menntun kennara haust 2022.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	0
PhD án kennsluréttinda	0
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	32
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	17
Háskólapróf án kennsluréttinda	4
Önnur menntun auk kennsluréttinda	0
Önnur menntun án kennsluréttinda	0

Samtals 11 kennarar hafa skemmri starfsaldur en fimm ár. Af þessu má ráða að nokkur endurnýjun hefur átt sér stað í kennarahópnum sl. fimm ár en 21 kennari hefur 10 ára starfsaldur eða skemmri en það eru tæp 40% kennara. Nær 20% kennara hafa yfir 20 ára starfsaldur.

Tafla 11. Starfsaldur haustið 2022.

Starfsaldur (ár)	Fjöldi
<5	11
6 til 10	10
11 til 15	13
16 til 20	10
21 til 25	3
26 til 30	2
>30	5

Starfsmannavelta í Menntaskólanum á Akureyri er mest árið 2019 eða 13,3% og minnst árið 2020 eða 6,4% eins og fram kemur í töflu 12. Á árunum 2018 til ársins 2022 hafa 45 starfsmenn látið af störfum þar af 11 vegna aldurs. Fækkun á tímabilinu er sem nemur átta sem trúlega orsakast af styttingu náms til stúdentsprófs í þrjú ár úr fjórum árum.

Tafla 12. Starfsmannavelta á árunum 2018-2022

Tímabil	Starfandi í upphafi tímabils	Starfandi í lok tímabils	Hófu störf	Hættu	Þar af vegna aldurs	Meðal- fjöldi	Starfsmanna- velta (%)
2018	86	84	12	11	2	85	12,9%
2019	85	80	6	11	2	82,5	13,3%
2020	79	77	5	5	1	78	6,4%
2021	76	81	8	8	3	78,5	10,2%
2022	78	79	8	10	3	78,5	12,7%

Samkvæmt almanaki Menntaskólans á Akureyri er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári fjórir. Skólaárið 2022 til 2023 miðast við 18. ágúst 2022 og áætlað er að skólaárinu ljúki 31. maí 2023.

Viðmið og vísbendingar

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	SM			
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM	S		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsfólk og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsfólk til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstill sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	M			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	M			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsfólks.	SM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, forsjáraðila og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	M	S		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		SM		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	S	M		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S	M		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM	S		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM	S		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM	S		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	M	S		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM		

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		SM		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.				

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	M	S		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	SM			

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	S	M		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		SM		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	M	S		

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		SM		
45. Nemendum líður vel í skólanum.		SM		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	M	S		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáraðilar allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forsjáraðila ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.		SM		
55. Forsjáraðilar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.		SM		

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferska þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		SM		

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		SM		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	SM			
64. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk á kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	S	M		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólafarsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólafarsinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brottþvarfi.	SM			

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfnipáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	M			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	M			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	M			
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	M			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	M			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	M			

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færest í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				SM
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.				
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsaðila fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Menntaskólanum á Akureyri á vorönn 2023. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólafarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Menntaskólinn á Akureyri (MA) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 með áorðnum breytingum frá árinu 2012 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður með lögum árið 1930 en rætur hans liggja til Gagnfræðaskólans á Möðruvöllum sem stofnaður var 1880 og Gagnfræðaskólans á Akureyri sem stofnaður var 1904. Skólinn byggir á fornri hefð og er einn af elstu skólum landsins og hefur frá upphafi verið bóknáms- og bekkjarskóli. Frá því á áttunda áratug síðustu aldar hefur náminu verið skipt í áfanga eins og í bekkjarlausum skólum. Haustið 2016 var tekin í notkun ný skólanámskrá miðuð að þriggja ára námi en nemendum gefst þó kostur á sveigjanlegum námslokum eða þremur og hálfu ári eða fjórum árum. Uglan fugl vísu og vísdoms er merki skólans og var það hannað árið 2012 en merkið sýnir vakandi uglu með útbreiddan væng en í því má einnig sjá opna bók og opnar dyr og segir það ef til vill meira en mörg orð um áherslur og stefnu skólans.

Mynd 1 – Merki MA



Einkunnarorð MA eru VIRÐING – VÍÐSÝNI – ÁRANGUR en það felur í sér að sýna starfi skólans, umhverfi og fólki virðingu, vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun, leggja sig alla fram og gera eins vel og unnt er. Meginmarkmið skólans er að búa nemendur vel undir háskólanám í lýðræðisþjóðfélagi og koma öllum nemendum til nokkurs þroska. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Hluti af hefð MA er afar öflugt félagsstarf, sem stýrt er og skipulagt af

nemendum sjálfum. Metnaðarfullt og heilbriggt félagsstarf er ásamt traustu bóknámi gott veganesti á lífsins braut segir í ársskýrslu skólans.

Þá hefur það jafnan verið stefna skólans að vera landsmenntaskóli sem geti þjónað nemendum hvaðan sem þeir koma af landinu og færst hefur í vöxt að skólinn taki við nemendum sem búið hafa erlendis.

Á vef skólans og í ársskýrslum er greint frá sýn skólans í eftirfarandi efnisgreinum:

- Skólafarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.
- Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.
- Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.
- Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölpætta eiginleika sína.
- Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólafarfinu.
- Skólafarfið eflir málvitund nemenda.
- Í skólafarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.
- Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.

Mynd 2 – Skólasýn og einkunnarorð MA

Skólasýn og einkunnarorðum er haldið á lofti innan MA og kynnt innrammað víða um skólann.



Í máli skólameistara kom fram að sýn og stefna skólans byggir á klassískum gildum eins og fram komi í stefnuskjölum. Ætlunin sé að fara í stefnumótunavinnu með vorinu þar sem sett verða mælanleg gildi. Skoða þurfi samsetningu nemendahópsins og aukið sjálfðæmi ungmenna í dag. Þá hefur samfélagsþróun og tækniþróun breytt áherslum einnig skapandi og gagnrýnin hugsun og félagsfærni sem ættu að vera grundvöllur skólafarfsemi. Einnig þarf að skoða hvort afmörkuð stundatafla sé barn síns tíma. Ljóst sé að með fjölgun nemenda í verknámi muni fækka í bóknámi sem reyni á enn frekara samstarf skóla auk þess sem nemendum fari fækkandi í grunnskólum Akureyrar. Fram kom hjá skólameistara að grunnþættir náms væru ekki nægjanlega sýnilegir í skólafarfinu, vissulega væri unnið með grunnþættina með skipulögðum hætti innan áfanga en gögnum um það er ekki safnað markvisst. Skólameistari lagði áherslu á að vinna við

stefnumörkun ætti að fela í sér þátttöku sem flestra hagsmunaaðila. Stjórnendur verða að leiða vinnuna en í undirbúningi væri viðtækt samráð við foreldra, atvinnulíf, starfsfólk og nemendur.

Skólanámskrá Menntaskólans á Akureyri var síðast endurskoðuð skólaárið 2019-2020 í tenglum við styttingu náms til stúdentsprófs en almenni hluti hennar er í stöðugri endurskoðun. Henni er ætlað að vera upplýsingaveita fyrir nemendur, foreldra og forsjáraðila, starfsfólk og hagsmunaaðila sem tengjast skólanum.

Á heimasíðu skólans má finna stefnur og áætlanir einstakra málaflokka en sett hafa verið stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins.

MA setti sér umhverfisstefnu árið 2008 sem endurskoðuð hefur verið reglulega og er loftslagsstefnan viðbót við umhverfisstefnuna. Skólinn ætlar sér að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og stefnir að því að draga úr losun koldíoxíðs um 40% fyrir árið 2030. MA kolefnisjafnar alla losun og hefur verið kolefnishlutlaus frá árinu 2021. Þá tekur skólinn þátt í alþjóðaverkefninu „Skólar á grænni grein“ og flaggaði grænfánanum fyrst árið 2009 og fjórða fánanum árið 2020. Einnig hefur skólinn lokið þremur skrefum í verkefni Umhverfisstofnunar „Græn skref í ríkisrekstri“ en á heimasíðu verkefnisins er mótuneyti starfsfólks MA sérstaklega nefnt en það er rekið með það að sjónarmiði að matarsóun sé sem minnst og eingöngu er boðið upp á grænmetis- og grænkerafæði sem sagt er allt í senn heilsusamlegt, litríkt og gómsætt. Þá er í innkaupum mest horft til lífrænna vara úr nærumhverfi. Starfandi er umhverfisnefnd og umhverfisfulltrúi við skólann.

MA hefur sett jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun fyrir árin 2020-2023 en jafnréttisáætlunin er tvíþætt og snýr annars vegar að starfsfólkinu/vinnustaðnum og hins vegar að nemendum/menntastofnuninni. Til að fylgja ofangreindri stefnu starfar jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð skipað nemendum og starfsfólki. Árangur starfsins skal metinn á þriggja ára fresti samkvæmt settum mælikvörðum sem fram koma í aðgerðaráætlun. Jafnréttisdagar eru haldnir árlega og lögð er áhersla á jafnréttismál á Ratatosk/opnum dögum og í menntabúðum skólans. Jafnréttisráð fundar með jafnréttisfélögum nemenda, FemMA femínistafélagi skólans og PrideMA hinseginfélagi MA. Þá hefur skólinn sett sér jafnlaunastefnu og á haustönn 2020 fékk skólinn jafnlaunavottun í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Árleg viðhaldsúttekt hefur farið fram og niðurstöður síðustu úttektar voru að ábyrgðaraðilar jafnlaunakerfisins hafi getu til að ná fram þeim markmiðum sem Menntaskólinn á Akureyri hefur sett sér og þeirri útkomu sem jafnlaunakerfinu er ætlað að raungera. Verklagsreglur og handbók jafnlaunakerfis eru hluti af gæðaskjölum skólans.

Starfsmannastefna MA er unnin samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningum á hverjum tíma. Stefnan byggir á einkunnarorðum skólans og markmið hennar er að MA hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem hefur velferð nemenda og skólans að leiðarljósi. Þá á stefnan að stuðla að góðum starfsanda, starfsskilyrðum og að gera MA að eftirsóknarverðum vinnustað.

Persónuverndarstefna MA er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem gildi tóku 15. júlí 2018. Stefna skólans var gefin út í nóvember 2019 og kynnt fyrir starfsfólki á Mörsugusmessu 2020. SamNor skólarnir eru með sameiginlegan persónuverndarfulltrúa en

gæðastjóri er tengiliður skólans. Í persónuverndarstefnu skólans kemur í meginatriðum fram í hvaða tilgangi gögnum er safnað og hvernig farið er með gögnin.

MA er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli í samræmi við viðmið Landlæknisembættis. Verkefnið er hluti af forvarnarstefnu skólans en náms- og starfsráðgjafar ásamt sálfræðingi skipa forvarnarteymi skólans. Ýmis verkefni hafa verið í gangi tengd forvarnar- og heilsustefnunni en skólinn tók til dæmis þátt í Evrópsku íþróttavíkunni BeActiv og Evrópsku samgönguvíkunni einnig verkefninu hjólað í vinnuna sem ætlað er að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum. Þá kom Geðlestin í heimsókn sem er fræðsluverkefni Geðhjálp og Rauða krossins fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Þá hefur skólinn sett sér áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi sem og viðbragðsáætlun ef upp kemur rökstuddur grunur um lögbrot innan skólans/eða á viðburðum/ferðum á vegum hans. Áætlunin er í samræmi við reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004 og reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 1009/2015. Viðbragðsteymi er innan skólans. Skólinn hefur sett sér viðbragðsáætlun ef hættuástand kemur upp auk þess rýmingaráætlun ef yfirgefa þarf skólahúsnæðið vegna hættuástands. Skipað hefur verið í neyðarstjórn MA ef óvænt áföll verða.

Í þriggja ára stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2022-2024 sbr. 31. grein laga um opinber fjármál koma fram áherslur skólans fyrir ofangreint tímabil. Um er að ræða þrjú markmið sem ná til kjarnastarfsemi (A) og þrjú er lúta að rekstrarþætti (B), þau eru:

A1. Minnka brotthvarf nemenda úr MA

Stærstu aðgerðir eru starf sálfræðings, ráðgjöf og nýnemafræðsla. Verkefnastjórn um verkefnið Lífstíll og heilbrigði og úrræði fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál.

A2. Tryggja fjölbreytta kennsluhætti og námsmat

Stærstu aðgerðir eru að halda skrá yfir starfsþróun kennara, sameiginleg starfsþróun kennara, yfirfara og greina námsáætlanir, endurskoða skólustefnu og tímasetja aðgerðir til umbóta.

A3. Efla gæði skólastarfs

Stærstu aðgerðir eru uppsetning gæðahandbókar og rafræn skjalaskil til Þjóðskjalasafns.

B1. Jafnværi í rekstri MA – tengist markmiði málaflokks að rekstur ríkisfyrirtækja sé innan fjárlaga

Helstu aðgerðir eru rekstraráætlun til þriggja ára, kynning á rekstraráætlun og rafræn skjalaskil.

B2. Viðhalda fjölda nýinnritaðra

Helstu aðgerðir eru endurskoðun á kynningum skólans og endurskoðun á námsframboði.

B3. Endurskipuleggja náms- og kennslutíma

Helstu aðgerðir eru að greina samsetningu brauta og byggja ákvörðun á þeirri vinnu.

B4. Aukin starfsánægja

Helstu aðgerðir eru að auka þátttöku starfsfólks í könnun um stofnun ársins, bæta vinnuástöðu, endurskoða stofnanasamning, menntabúðir starfsfólks, styðja við starfsemi StaMA og auka samstarf við aðra skóla.

Skólasýn MA byggir á klassískum gildum eins og áður segir og í undirbúningi er vinna við stefnumótun fyrir skólann með mælanlegum gildum. Fyrir liggja stefnur og áætlanir einstakra málaflokka sem bera vitni um


metnað og vilja til árangurs. Að tryggja að stefnur birtist í daglegu starfi getur verið flókið en með markvissum aðgerðum, verkefnastjórum, nefndum/ráðum og teyllum hefur vel tekist til við að halda utan um einstaka stefnumið að mati matsaðila og tryggja að unnið sé eftir stefnunum í daglegu skólastarfi.

Stjórnskipan og stjórnendur

Skipurit skólans skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans. Menntaskólinn á Akureyri er rekinn undir yfirstjórn mennta- og barnamálaráðherra. Skólanefnd sem skipuð er af ráðherra markar áherslur í starfi skólans og er skólameistara til samráðs.

Mynd 3 - Skipurit MA

Skipurit MA



Samkvæmt skipuriti eru fimm í yfirstjórn skólans, skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir brautarstjórnar ásamt fjármálastjóra. Þá er starfsemi skipað niður í fimm þætti; 1) Fagstjóra (enska, íslenska, félagsgreinar, raungreinar, stærðfræði, tungumál og menning) og kennara 2) Húsverðir og ræstitæknar 3) Skrifstofu, skrifstofustjóra og skólaritara 4) Matráður og aðstoð í eldhúsi 5) Stoðþjónusta sem innifelur náms- og starfsráðgjafa, sálfræðing, bókasafn, tölvuumsjón og verkefnastjórn (hraðlína, kynningarmál, gæðastjóri, félagsmálastjórn, jafnréttisstýra, ritstjórn ma.is, ritver, UT-ráðgjöf). Starfslýsingar alls starfsfólks eru í gæðahandbók skólans. Í máli skólameistara kom fram að skipurit skólans væri til skoðunar.

Stjórnendur funda vikulega á þriðjudögum og þá eru haldnir aukafundir á fimmtudögum ef þarf. Þeir skiptast á um að boða fundi, stýra þeim og skrifa fundargerð. Fundargerðirnar eru vistaðar í skjalasafni og eru því öllum aðgengilegar auk þess sem útdráttur úr þeim er í vikupistlum. Fram kom hjá stjórnendum að fundirnir væru verkefnaþaðir en afslappaðir og góður andi væri innan stjórnendahópsins. Þá funda

skólameistari og aðstoðarskólameistari vikulega. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri eru með sameiginlega skrifstofu sem er breyting frá því sem áður var og eykur samstarf þeirra að þeirra mati. Það er gott flæði á milli þeirra og samstarfið opnara en var að þeirra mati. Með þessu móti væri nýr skólameistari fljótari að setja sig inn í málin. Vissulega fylgir þessu fyrirkomulagi aukið áreiti en með þessu tekst stjórnendum að vera meira inn í fleiri málum sem koma til stjórnenda skólans. Upplýsingaflæði milli stjórnenda er gott og gefinn er út vikupistill til starfsfólks. Þá er sent út fréttabréf á hverri önn til forsjáraðila ólögráða nemenda sem einnig er birt á vef skólans. Fram kom hjá kennurum að stjórnendateymið vinni vel saman, kennarar séu þátttakendur í ákvarðanatöku og að þeir hafi rödd í hópnum. Þá kom fram hjá rýnihópi starfsfólks að gott aðgengi væri að stjórnendum og auðvelt væri að ná sambandi við forystu skólans. Skólinn hefur sett sér starfsmannastefnu og aðgerðaráætlun henni samhliða.

Skólameistari Menntaskólans á Akureyri veitir skólanum forstöðu samkvæmt reglugerð nr. 1100/2007. Hann er ábyrgur gagnvart mennta- og barnamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf samkvæmt auglýsingu um erindisbréf skólameistara í framhaldsskólum nr. 453/1997. Skólameistari hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og rekstri. Hann ber ábyrgð á að öll starfsemi sé í samræmi við aðalnámskrá, að fylgt sé árlegri fjárhagsáætlun skólans og stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára milli skólans og ráðuneytis. Skólameistari MA tók við starfinu 12. ágúst 2022 af fyrri skólameistara. Við stjórnun skólans er lögð áhersla á lýðræðislega og sanngjarna stjórnunarhætti þar sem unnið er að hugmyndafræði og markmiðum í samráði við starfsfólk. Fram kom í rýnihópi starfsfólks að gott aðgengi er að skólameistara og að hann væri sýnilegur í skólastarfinu. Einnig að jákvæðni ríkti í hans garð, fagleg forusta væri skýr, traust væri borið til hans og hann sýnir fólki áhuga. Vissulega hefði hann ekki starfað nógu lengi svo hægt væri að segja til um störf hans yfir lengra tímabil en hann komi vel inn í menningu MA að mati starfsfólks. Fram kom hjá aðstoðarstjórnendum að mál væru farsælega unnin og kláruð, gott væri að leita til skólameistara og ekki beri á öðru en að skólameistari verði farsæll í starfi. Hann er á fullu að koma sér inn í skólastarfið, spyrja og læra áður en hann kemur með áherslubreytingar. Þá kom fram að skólameistari væri með mikla reynslu af skólamálum, væri traustur og ætti auðvelt með að para stefnu skólans við starfshætti. Fram kom hjá forystumönnum nemenda að samstarf og samskipti við skólameistara og forystu skólans gangi vel, aðgengi að þeim væri gott og vel tekið á þeirra málum. Skólameistari væri sýnilegur og hefði virkan áhuga á því sem í gangi er í skólafélaginu.

Í könnun SFR – stofnun ársins árið 2022 kemur fram að heildarniðurstaða samantektar um stjórnun í MA er 4,23 (af 5,0) og í heildina er niðurstaða skólans 4,12. Á árinu 2021 er niðurstaða samantektar um stjórnun MA í könnuninni er 4,25. Í heildina er niðurstaða skólans 4,19. Niðurstaða skólans er nánast hin sama og undangengin ár en árið 2020 var stjórnunarþátturinn 4,24 og 4,27 árið 2019. Heildarniðurstöður fyrir bæði þessi ár var 4,12.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum að daglegri stjórn skólans. Aðstoðarskólameistari hefur umsjón með margvíslegum starfsmannamálum, annast prófstjórn og hefur með hendi eftirlit með fjarvistum nemenda. Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að verkaskipting milli stjórnenda væri ekki mjög afmörkuð og oftast fleiri en einn sem komi að lausn þeirra mála sem fyrir liggja. Reglur hefðu verið stífar hér áður fyrr og eitthvað um að nemendum væri vísað frá námi en í dag væri

reynt að vinna með nemendum og halda þeim inni í skólanum. Þá kom fram hjá aðstoðarskólameistara að samstarf við starfsfólk og kennara væri gott og almennt ríkti traust í hópi starfsfólks en kennarar leiti líka til brautarstjóra sem sjá um allar breytingar sem eiga sér stað innan brautanna. Kvartanir koma gjarnan til aðstoðarskólameistara og erfitt getur verið að taka á málum sem þeim fylgja en settir hafa verið verkferlar í gæðahandbók sem taka á vinnu slíkra mála. Fundað er með skólafélaginu reglulega og aðstoðarskólameistari og skólameistari eru í góðum samskiptum við skólafélagið. Hjá aðstoðarskólameistara kom einnig fram að á síðustu tíu árum hefði hópur starfsfólks endurnýjast og með nýju fólki koma nýjar venjur, ný sýn og ný nálgun. Kennslufræðilegar breytingar hefðu verið í stærðfræði og raungreinum, sviðslistabraut væri spennandi nýjung en nokkuð dýr vegna fárra nemenda. Leiðir til náms geta tekið breytingum og þurfa ekki endilega að vera miðaðar við stífa stundatöflu og greinaskiptingu heldur til dæmis samþættar vinnustofur. Mikilvægt er að kennarar þekki námsmarkmið í öðrum greinum til að átta sig á því sem hægt væri að samþætta. Að lokum lagði aðstoðarskólameistari áherslu á að nauðsynlegt væri að halda í rætur og hefðir en á sama tíma að fylgjast með tímanum og þróun.

Fjármálastjóri MA hefur yfirumsjón með fjárreiðum skólans, bókhaldi, launamálum starfsfólks, innheimtu skólagjalda og fjárreiðum skólafélags nemenda. Hann stillir upp vinnumatíu út frá kennsluskiptingu brautarstjóra. Fjármálastjóri deilir skrifstofu með skólameistara og aðstoðarskólameistara og segir samskipti og ákvarðanatöku skilvirka. Samskipti innan stjórnendateymisins gangi mjög vel og einn formlegur fundur er í hverri viku. Í máli fjármálastjóra kom fram að vinnu við Græn skref í ríkisrekstri fylgi grænt bókhald sem gangi vel og þá hafi jafnlaunavottunin verið stórt verkefni en endurvottun fari fram í maí 2023. Stór úttekt fari fram á þriggja ára fresti en viðhaldsúttekt einu sinni á ári. Innkaup fyrir skólann eru í höndum nokkurra aðila svo sem skrifstofu, bókasafns, húsvarða, en fjármálastjóri komi að stærri innkaupum eins og tölvukaupum en það væri nýtt fyrir skólann að vera í neikvæðri fjárhagsstöðu. MA tók inn fleiri nemendur síðasta haust en áætlun var um og ekki hafi verið greitt fyrir þessa nema en það skýri að hluta halla á rekstri skólans. Nemendafélagsgjöld eru innheimt með skólagjöldum en skólafélagið er með gjaldkera sem vinnur með fjármálastjóra einu sinni í viku og bókar reikninga inn í kerfi skólans. Fjármálastjóri sér um að gera ársreikning fyrir skólafélagið. Þá vinnur fjármálastjóri með gjaldkera leiklistarfélagsins en leiksýning ársins gekk vel og skilaði afgangi.

Brautarstjórar eru tveir við MA annar í fullu starfi og hinn í hlutastarfi og hafa þeir yfirumsjón með sínum námssviðum, kjörsviðum þeirra og frjálsu vali en þeir sinna annars vegar mála- og menningarbraut, félagsgreinabraut og kjörnámsbraut og hins vegar heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut og raungreinabraut. Brautarstjórar fylgjast með námsferlum og námsframvindu nemenda á námsbrautinni, meta nám úr öðrum skólum og koma að innritun. Þeir vinna með fagstjórum að skólaþróun og þverfaglegu samstarfi og skiptast á að boða fundi með fagstjórum. Í máli brautarstjóra kom fram að kennsluskipting er í höndum þeirra og að þeir leiði ytri skipulagsrammann sem kennslan fellur í. Þá kom fram að nemendur leiti mikið til þeirra varðandi ýmis úrræði svo sem vegna sveigjanlegra námsloka. Brautarstjórar sjá um að viðhalda námskránni svo sem ferlum og brautarskipulagi en lagt var af stað með námsbrautir upp á 210 einingar eftir styttingu náms og síðan var námskráin endurskrifuð niður í 203 einingar og nú þarf að fækka einingum niður í 200 sem er viðmið aðalnámskrár. Það þarf að taka aðra endurskoðun og svara spurningunni „hvernig viljum við að stúdent frá MA líti út“. Það væri alltaf þróun í gangi varðandi sviðslistabrautina meðal annars í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar og gaman hefði verið að fá

þennan lit inn í skólann sem sviðslistabrautin væri. Þá kom fram að tilraun er í gangi í raungreinum þar sem tveimur tímum í hverju fagi var breytt í vinnustundir og í félagsgreinum hefur verið tekinn upp nýr áfangi í fjármálalæsi. Reynt væri að styðja allt samstarf milli greina og menningaráfangarnir á mála- og menningarbraut væru oft þverfaglegir. Þá væri unnið með Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna en gott væri að skerpa á því starfi.

Við MA eru sex fagstjórar eða í ensku, íslensku, félagsgreinum, raungreinum, stærðfræði og tungumálum og menningu. Fagstjórar bera faglega ábyrgð og eru faglegir leiðtogar í sínum greinum/fögum skv. starfslýsingu. Í rýnihópaviðtali kom fram að fagstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn og að starfið feli í sér að skipuleggja fundi, panta námsefni og gera tillögu að verðlaunum við útskrift, sjá um skólakynningar, undirbúa keppnir og vera faglegir leiðtogar. Brautarstjórar fylgjast með að kennsluáætlanir skili sér og þeir skila áfangaskýrslum fyrir hvern áfanga þar sem dregið er fram það sem vel er gert og það sem betur mætti fara. Útkoman er rædd á fundi í deildinni en fundað er að öllu jöfnu aðra hverja viku. Fram kom að miklar breytingar hafa átt sér stað á kennsluefni en kennslubókum hefur fækkað mikið og inn komið rafrænt efni í þeirra stað sem mikið er búið til og tekið saman af kennurum skólans. Lokaprófum hefur einnig fækkað ört og verkefnavinna nemenda tekið yfir. Heimsmarkmiðin eru til skoðunar í flestum fögum og sýndarveruleiki hefur verið notaður í líffræðikennslu. Fram kom hjá fagstjórum að tækjakostur svo sem í stærðfræði og raungreinum mætti vera meiri og betri og hefði málið verið tekið upp fyrir stjórnendur skólans.

Skólanefnd

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar og eru tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra þar af einn af hálfu Akureyrarbæjar. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt en formaður stýrir fundum. Ný skólanefnd var skipuð við Menntaskólann á Akureyri að vori árið 2021. Í máli formanns kom fram að nefndin setur sér fundar- og starfsáætlun fyrir skólaárið en að jafnaði er einn fundi í mánuði. Á áætlun skólaársins 2022-2023 eru átta fundir og helstu umfjöllunarefni eru; skólabyrjun, viðbragðsáætlun skólans um kynbundið ofbeldi, einelti og kynferðislega áreitni, kynning á starfsemi gæðaráðs og skýrsla gæðaráðs, foreldrafélag MA, áherslur skólans, farsæld barna, fjárhagsáætlun, helstu samningar skólans, tengsl við atvinnu-, félags og menningarlíf, skólanámskrá, rödd nemenda – lýðræðisleg aðkoma nemenda í MA, móttökuáætlanir nemenda, skólafundur og fleira. Í máli formanns kom fram að markmið gæðaráðs væru ekki að fullu í samræmi við sýn og stefnu skólans, umbótaáætlunin væri of gömul og innra mat og starf gæðaráðs þyrfti að efla. Það væri brýnt að samþætta meira námsgreinar, auka persónumiðað nám og nútímavæða starfshætti. Gera má ráð fyrir að bóknámsskólum fækki og verknám aukist og það muni kalla á samvinnu og sameiningu stofnana. Það væru mörg tækifæri sem lægju í meira samstarfi skóla og samvinnu við fyrirtæki. Hvað fjármál skólans varðar þá voru gerð þau mistök að taka inn síðasta haust fleiri nemendur en áætlun skólans gerði ráð fyrir og ekki tryggt fjármagn vegna þeirra. Áriðandi sé að áætlanagerð virki. Formaður sagði samstarf við stjórnendur skólans ganga vel og samtal skólameistara og formanns væri gott. Skólameistari væri reyndur skólamaður, traustur og þekkir faglega starfshætti. Þá kom fram í máli formanns að orðspor skólans í samfélaginu væri traust og virðulegt.

Innra mat

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru lögin útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samofið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins. Gæðaráð var stofnað við MA í ágúst 2016 og tók það yfir störf sjálfsmatsnefndar sem starfað hafði um árabíl. Það er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, gæðastjóra, brautastjórum, skrifstofustjóra og fjármálastjóra. Gæðaráðið fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá en vinnur þess á milli í minni teyrum. Þá eru gæðamál einnig á dagskrá vikulegra funda stjórnenda. Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum færð á verkefnalista stjórnenda og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála sem koma upp á fundum gæðaráðs eru því í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd.

Sjálfsmatsáætlun/starfsáætlun gæðaráðs er birt í árlegri skýrslu gæðaráðs og byggir hún á ákveðnum meginstoðum í starfinu, starfsáætlun er birt til þriggja ára hverju sinni.

Sjálfsmat skólans byggir á eftirtöldum matsþáttum:

- Gæðahandbók
- Verklagsreglum og gæðaskjölum
- Áfangamati
- Hlýtt á nemendur
- Hlýtt á starfsfólk
- Jafnlaunakerfi og jafnlaunavottun
- Skjalastjórnunar og málakerfi skólans
- Áfangaskýrslum
- Sjálfsmati deilda
- Gæðum húsnæðis

Skýrsla gæðaráðs MA er gefin út árlega og birt á heimasíðu skólans. Skýrslan er yfirlit yfir þau verkefni sem í gangi hafa verið á skólaárinu og sýnir mikilvægi þess að halda úti öflugum gæðastarfi. Skýrslan er yfirgrípsmikil og skýrir hlutverk og markmið gæðaráðs, yfirlit yfir starf vetrarins, yfirlit yfir stöðu húsnæðis, yfirferð yfir námskrárvinnu, kynningar, UT-þjónustu, menntabúðir og stjórnendafundi og loks starfsáætlun gæðaráðs yfirstandandi skólaárs og næstu þriggja ára.

Undirbúningur að gæðahandbók MA hófst á skólaárinu 2016–2017 og unnið hefur verið að henni jafnt og þétt síðan. Fyrirhugað var að gefa gæðahandbókina út á síðasta skólaári en tæknilegar breytingar urðu til þess að endurvinnna þurfti uppsetningu hennar og ætlunin er að birta gæðahandbók í vor. Áfram er þó unnið af nýjum verklagsreglum, vinnulýsingum og vinnureglum, gátlistum, stefnuskjölum, eyðublöðum, handbókum og starfslýsingum og samkvæmt yfirliti í skýrslu gæðaráðs skólaárið 2021-2022 eru skjöl gæðahandbókar á annað hundrað. Í rýnihópi gæðaráðs kom fram að gæðahandbókin væri sniðin að þörfum skólans og byggi ekki alveg á ISO9001 staðlinum. MA hefur horft til gæðahandbókar VMA þar sem staðalinn er notaður. Skjöl gæðahandbókar eru komin í notkun og kerfið Easy Quality lætur vita ef yfirfara

þarf skjöl en þau renna út á tveggja ára fresti. Gæðaráð taldi það ákveðna breytingu á menningu að taka upp svona gæðakerfi en starfsfólkið sjái að gæðahandbókin endurspegli góð og vönduð vinnubrögð.

Á hverri önn ber gæðaráð ábyrgð á að lagt sé fyrir áfangamat og er það skipulagt eftir bekkjum. Miðað er við að hver áfangi sé ekki metin sjaldnar en á þriggja ára fresti. Markmiðið er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu. Það er lagt fyrir af gæðaráði þegar um það bil þrjár vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Áfangamatið er samtals 13 spurningar sem snúa að áfanganum, nemandanum, námsmati, kennslunni, kennaranum og í lokin eru tvær opnar spurningar um hvað sé vel gert í áfanganum og hvað betur mætti fara. Á grundvelli niðurstaðna er gripið til viðeigandi ráðstafana en allir kennarar fá niðurstöður úr þeim áföngum sem þeir kenna og er áfangamatið hluti af starfsmannasamtali. Fagstjórar fá ópersónugreinanlegar niðurstöður um áfanga sem heyra undir þá og deildin metur hvort niðurstöðurnar séu ásættanlegar eða hvort einhverju þurfi að breyta. Niðurstöðum fundanna er skilað til gæðaráðs. Þá fær gæðaráð allar niðurstöður matsins og tekur saman heildarsamantekt sem kynnt er á fagstjórafundi. Þátttaka nemenda í kennslukönnunum er nokkuð mismunandi eftir önnum og almennt betri á haustönn (73%-84%) en vorönn (39%-55%). Skólaárið 2020-2021 var kennslumat lagt fyrir alla bekki á haustönn þar sem matið féll niður á vorönn 2020 vegna Covid. Svörun var 55%. Fram kom hjá gæðaráði að ekki væri spurt um líðan nemenda í áfangamati en stuðst væri við útkomu úr verkefninu Íslenskar æskulýðsrannsóknir, áður Rannsóknir og greining. Stoðteymi skólans sá um kannanir um líðan nemenda sem tengdust Covid 19.

„Hlýtt á starfsfólk“ og „Hlýtt á nemendur“ er verkefni sem verið hefur í MA um árabíl og felur í sér að kanna hug starfsfólks og nemenda um ýmis málefni sem efst eru á baugi hverju sinni svo sem ný skólanámskrá, annar skipulag, kennsla í fjarnámi í Covid 19, breytta nýtingu á húsnæði skólans eftir styttingu námstíma í þrjú ár svo nokkuð sé nefnt. Verkefnið er framkvæmt með ýmsum hætti svo sem í formi spurningakannana, vinnufunda, þjóðfunda, stefnumótunarvinnu og umræðna.

Sjálfsmat deilda er fólgið í áfangaskýrslum fagstjórar sem skila skýrslum fyrir alla kennda áfanga viðkomandi annar þar sem teknar eru fram ábendingar, framtíðarsýn og óskir. Samantekt úr skýrslunum er á dagskrá fagstjórafundar á hverri önn.

Fram kom hjá rýnihópi gæðaráðs að foreldrakönnun fyrir ólögráða nemendur væri í gangi (lok marsmánaðar) en slík könnun færi fram reglulega.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra skólasýn og hlutverk sem byggir á klassískum gildum.
- Einkunnarorð skólans eru vel kynnt og endurspeglast í starfi hans.
- Virkir stjórnendur og mikið samráð og samvinna í stjórnendateymi.
- Traust ríkir til skólameistara, jákvæðni og fagleg forysta er skýr.
- Virkt kerfi brautarstjóra og fagstjóra.
- Fast skipulag á skólastarfi, fagleg vinnubrögð og áhersla á hefðir og öflugt félagsstarf.
- Aðgengi að stjórnendum er gott.
- Metnaðarfull umhverfis- og loftlagsstefna og öflugt starf að umhverfismálum.
- Skólinn tekur þátt í Grænfánaverkefni Landverndar.
- Áhersla á jafnréttismál, verkferla og jafnlaunavottun.
- Starfsmannastefna og regluleg starfsmannaviðtöl.
- Skipurit og nýuppfærðar starfslýsingar í gæðahandbók.
- Mannauðsstefna og starfsmannahandbók.
- Vel skipulagt gæðastarf, gæðaráð, gæðahandbók og árleg sjálfsmatsskýrsla.
- Hlýtt á nemendur og hlýtt á kennara.
- Starf skólanefndar er vel skipulagt með fundar- og verkáætlun.
- Upplýsingaflæði er gott svo sem vefur, vikupistill og fréttabréf.
- Ársskýrslur og sjálfsmatsskýrslur eru aðgengilegar á vef.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra skólasýn og stefnu skólans.
- Setja skólanum mælanleg markmið um árangur í skólastarfi.
- Setja skólanum stefnu í gæðamálum.
- Ljúka vinnu við fimmta skref ríkisaðila í Grænum skrefum.
- Auka þátttöku nemenda í áfangamati.
- Leggja áherslu á að verkefnin „hlýtt á kennara“ og „hlýtt á nemendur“ fái tryggan sess í gæðastarfinu.
- Birta umbótaáætlun skólaársins og ábyrgðaraðilar í skýrslu gæðaráðs og stöðu verkefna milli ára.
- Tryggja að samráð verði haft við skólanefnd og forsjáaraðila við endurskoðun á stefnu skólans.

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám og kennsla

Menntaskólinn á Akureyri hefur frá upphafi starfað eftir bekkjarkerfi en frá því á áttunda áratug liðinnar aldar hefur náminu verið skipt í áfanga eins og í skólum án bekkjarkerfis. Í nýjustu námsskrá MA kemur fram að skólinn býður upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs eða 200-203 framhaldsskólæiningar. Nemendur hafa þó valmöguleika að taka stúdentspróf á lengri tíma eða þremur og hálfu til fjórum árum. Náminu er skipt í sameiginlegan kjarna, brautarkjarna, bundið pakkaval og frjálst val. Nám og kennsla er fjölbreytt, verkefnamiðað, mikil hópavinna auk einstaklingsverkefna, stórra og smárra. Áhersla er á munnleg jafnt sem skrifleg skil á verkefnum, leitarnám, leiðsagnarnám og námsferðir. Í máli brautarstjóra kom fram að þeir sjá um að viðhalda námskránni og annast brautarskipulag. Lagt hefði verið af stað árið 2016 með brautir upp á 210 einingar sem hafa nú verið endurskrifaðar í 203 einingar og til stæði að fækka þeim enn frekar eða í 200 einingar til samræmis við aðalnámsskrá og viðmið mennta- og barnamálaráðuneytis.

Nöfn á brautum skólans og fjöldi þeirra hafa breyst á þeim langa tíma sem er frá stofnun skólans. Upphaflega var máladeild eina námsbraut MA, en árið 1934 var stofnuð stærðfræðideild og árið 1966 var stærðfræðideild skipt í eðlisfræðibraut og náttúrufræðibraut. Árið 1972 var stofnuð félagsfræðibraut og síðar tekin upp kennsla á tónlistarbraut í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri og myndlistarbraut í samstarfi við Myndlistaskólann á Akureyri. Árin 1975 til 1993 var öldungadeild í kvöldskóla og á árunum 1980 til 1984 var haldið úti kennslu á verslunarbraut í samvinnu við Gagnfræðaskólann á Akureyri. Hvort tveggja var leyst af hólmi með tilkomu Verkmenntaskólans á Akureyri. Samkvæmt námsskrá skólans eru í dag almennbraut-hraðlína þar sem teknir eru inn nemendur sem lokið hafa 9. bekk grunnskóla auk sjö brauta til stúdentsprófs sem eru: félagsgreinabraut, heilbrigðisbraut, kjörnámsbraut með áherslu á sviðslistir og kjörnámsbraut með áherslu á tónlist, mála- og menningarbraut, náttúrufræðibraut, raungreina- og tæknibraut. Almenn inntökuskilyrði í skólann eru að nemendur hafi hlotið einkunnina B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Heimilt er að innrita nemanda sem ekki uppfyllir ofangreind skilyrði og þarf þá nemandi að sitja stoðtíma eða þiggja námsaðstoð við hæfi. Inntökuskilyrði eru birt á vef skólans og með hverri brautarlýsingu.

Í skólasýn MA kemur fram „kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig“. Unnið hefur verið að breyttum kennsluháttum og kennarar skólans hófu skólaárið á því að sækja námskeið í leiðsagnarnámi sem þrjú kennarar frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ sáu um. Þá fengu tveir kennarar

MA styrk úr Sprotasjóði skólaárið 2017-2018 í verkefnið Leiðsagnarnám í lokaáföngum í MA. Leitarnám og námsferðir innanlands og utan eru einnig fastir liðir í kennsluháttum skólans. Samþætting námsgreina með samvinnu kennara í ólíkum greinum eru hluti af breyttum kennsluháttum skólans eins og fram kemur á vefsvæði hans. Þar hafa unnið saman kennarar erlendra tungumála, íslensku, upplýsingatækni og landafræði á mála- og menningarbraut. Þar er námið byggt á stuttum fyrirlestrum, stórum og smáum nemendaverkefnum og einstaklingsbundinni leiðsögn. Þá skrást allir nemendur á fyrsta námsári í áfangana náttúrlæsi (LÆSI2NÁ10) og menningarlæsi (LÆSI2ME10) sem eru þverfaglegir áfangar á öðru þrepi. Þar er fengist við landafræði, jarðfræði og ýmsar náttúrfræðigreinar ásamt íslensku og upplýsingatækni í náttúrulæsi og í menningarlæsi er lögð áhersla á sögu og samfélagsgreinar ásamt íslensku og upplýsingatækni. Í áföngunum þjálfast nemendur í ýmsum vinnuaðferðum, jafnt hópavinnu sem einstaklingsvinnu og verkefnaskilum bæði munnlegum og skriflegum. Tölvueign nemenda og tölvunotkun hefur breytt námi nemenda mikið síðustu ár og skólinn leitast við að fá nemendur til að temja sér góðar og gagnlegar aðferðir við að nota tölvur og síma á jákvæðan hátt í námi. Skólinn hefur markað skýra stefnu um það og leitt hana inn smátt og smátt.

Í rýnihópi kennara kom fram að nemendur upplifa ólíka kennsluhætti eftir fögum og jafnvel innan faga. Í auknu mæli væri stuðst við leiðsagnarnám og kennsluhættir hefðu færst yfir í leitarnám, verkefnamiðað nám og úrvinnslu. Lögð er áhersla á að virkja nemendur til að læra og almennt eru nemendur að vinna vel í námsgreinum. Verkefni reyna á mismunandi hæfni þannig að gegnum árin verður til samfella og í lok náms við MA eiga nemendur að vera tilbúnir til að takast á við ólík verkefni. Rýnihópurinn benti á að nemendur leiti sjálfir í hefðbundið form kennsluhátta þar sem stuðst er við innlegg og verkefnavinnu. Áfangar með lokapróf skilgreindu sem 40% af lokaeinkunn geta talist til verkefnamiðaðra áfanga og það virðist sem svo að verkefnamiðað nám nemenda sé að komast í fastar skorður inna skólans. Kennarar sögðu það sína tilfinningu að almennt væri verið að vinna með fjölbreytta kennsluhætti eins og til dæmis podkast vinnu í sögunni. Mikil þróun hefði átt sér stað á þeirra starfstíma.

Nemendur eldri en 18 ára bentu á vinnustundir sem nýbreytni í kennsluháttum. Þar vinna þrjú fög saman í náttúrugreinum, þar sem ein stofa er þögul, ein stofa er með paravinnu og sú þriðja vinnur með hópa. Allir kennarar eru á staðnum og hægt að leita til þeirra sem nemendur hafa þörf á hverju sinni. Í vinnustund er hægt að klára þau verkefni sem ekki hefur verið hægt að ljúka á skilgreindum tíma og það er skráð mæting í vinnustundina. Sviðslistabrautin fær mikið af gögnum sem síðan er gefin tími til að vinna úr. Kennarar eru viðstaddir en nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni án skilgreindar staðsetningar. Nemendur töldu kennsluna nokkuð hefðbundna en hún væri sífellt að verða fjölbreyttari. Námsálag er þægilegra þegar verkefnamiðað nám stýrir kennslunni að mati nemenda. Samskipti innan skólastofunnar eru almennt góð. Nemendur fá aðgang að kennsluáætlunum í upphafi annar og þessum áætlunum er fylgt og ekki breytt nema í samráði við nemendur. Kennsluáætlanir taka mið af sniðmáti sótt í óbirta gæðahandbók skólsnd. Í máli nemenda yngri en 18 ára kom fram að kennslustundir einkennast af því að kennarinn leggur fyrir og nemendur leysa síðan verkefni. Nemendur eru ánægðir með vinnustundir sem eru á náttúrfræðibrautum, en benda á að oft er tekin tími í vinnustundum til að gera verklegar tilraunir. Í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að nemendur séu með tölvur til að vinna með. Verkefnamiðað nám er algengast á félagsfræðibraut, en á náttúrfræðibrautum eru próf algengari. Samskiptin eru góð en yfirferð námsefnis er hröð.

Í skýrslu Gæðaráðs MA fyrir veturinn 2021 til 2022 segir um það bil 70% nemenda að „áfanginn er vel skipulagður“. Um það bil 90% nemenda segir að „hæfilegrar eða mikillar virkni er krafist af nemendum í kennslunni“. 57% til 60% nemenda segja að „kennaranum takist að glæða áhuga þeirra á námsefninu“. 69% til 73% nemenda er mjög sammála eða sammála því að „kennarinn útskýrir námsefni vel“. Út frá þessum upplýsingum má draga þá ályktun að nemendur eru virkir í tímum en að skoða má skipulag áfanga, og innlegg kennara. Áfangamatið er notað í starfsmannviðtölum. Rýnihópar nemenda, hvort sem um var að ræða lögráða eða ólögráða nemendur, tóku það skýrt fram að MA væri góður skóli, sem hentar vel þeim nemendum sem þangað sækja nám.

Stuðningur við nemendur

Í stoðteymi MA eru tveir náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur. Að sögn náms- og starfsráðgjafa sækja nemendur mikið til þeirra og stærsti hluti af starfinu fer í persónuleg viðtöl og námsleg og félagsleg vandamál. Viðvera nemenda gefur náms- og starfsráðgjöfum oft vísbendingu um hverjir þurfa á aðstoð að halda og staða nemenda á miðannarmati gefur einnig nokkra mynd af stöðu þeirra. Nemendaverndarráð fer yfir þau mál sem brýnust eru og oft eru þetta sömu nemendurnir sem halda þarf sérstaklega utanum.

Þá halda náms- og starfsráðgjafar utan um umsjónarstarfið en allir bekkir hafa sinn umsjónarkennara. Meginmarkmið umsjónarstarfsins er að stuðla að betra gengi nemenda og draga á þann hátt úr brottfalli, efla samstöðu meðal nemenda og starfsfólks og stuðla að betri líðan nemenda í skólanum. Stoðteymi MA skipuleggur kynningar fyrir grunnskólanema, bæði fyrir grunnskóla Akureyrar og skóla utan Akureyrar. Haldinn er kynningardagur fyrir grunnskóla Akureyrar og skólana í nágrennasveitarfélögum. Kennarar, nemendur og stjórn skólafélagsins komu að kynningunum. Náms- og starfsráðgjafar eru í kynningarnefnd skólans og sitja fundi þar sem farið er yfir fjölbreytt málefni sem tengjast kynningarstarfi á skólanum.

Sálfræðingur skólans er í 100% starfi sem felst í einstaklingsviðtölum og hópráðgjöf svo sem lífsleikni, hugrænni atferlismeðferð og núvitund og sjá náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur skólans um að vísa nemendum til sálfræðings. Í máli sálfræðings kom fram að málin væru fjölbreytt sem til hans kæmu eins og samskiptamál á samfélagsmiðlum, SÁÁ og ofbeldismál, barnaverndarmál, nemendur á einhverfurófi svo dæmi séu tekin. Fram kom í máli sálfræðings að skólinn taki inn fjölbreyttari nemendahóp en áður.

Hjúkrunarfræðingur skólans er með viðveru fyrir hádegi einn dag í viku en hann veitir ráðgjöf og svarar spurningum um ýmis heilsufarsleg vandamál. Hjúkrunarfræðingurinn er hluti af stoðteymi skólans og sinnir fræðslu í skólanum sem tengist heilbrigðismálum. Þá tekur hann þátt í verkefningu Heilsueflandi framhaldsskóli og er í samstarfi við forvarnarteymi skólans.

Það er tilfinning stoðteymis MA að nemendum líði vel en það eru dæmi um einstaklinga sem þau hafa mikla áhyggjur af. Stærsti hópurinn sem kemur til náms- og starfráðgjafa og sálfræðings er að glíma við persónuleg vandamál. Álagið hefur aukist eftir að farið var í þriggja ára skólastarf en flest mál snúast um einhverskonar vanlíðan. Það eru stoðtímar í stærðfræði á mánudögum þar sem nemendur eru til aðstoðar með umsjón kennara. Nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál fá aðstoð íslenskukennara. Náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingur mynda forvarnarteymi skólans og leggur skólinn ríka áherslu á að nemendur skólans tileinki sér jákvæðan lífsstíl. Boðið er upp á forvarnastarf, umfjöllun um skaðsemi

vímuefna og áhættusaman lífsstíl. MA er heilsuefandi framhaldsskóli. Unnið er með ofbeldisforvarnar í skólanum og er vart verður við skaðleg samskipti er reynt að sporna við. Ákveðið bakslag virðist vera í samfélaginu og meiri óþolinmæði gagnvart þeim sem binda ekki bagga sína sömu hnútum og almennt gerist. Skólinn tók þátt í forvarnarverkefni sem nefnt var Öryggisnetið og byggir á fjórum veggspjöldum um forvarnar. Hugmyndin er frá finnsku geðverndarsamtökunum Mieli en veggspjöldin hafa yfirskriftina: Öryggisnetið – Tilfinningahjólíð – Varnir – Verndarhöndin. Kennari við MA sá um þýðingu og að staðfæra textann en Uglusjóður MA styrkti framtakið.

Fram kom í rýnihópi stoðteymis að traust væri mikið innan teymisins og að hópurinn vinni vel saman. Skólinn hefur boðið utanaðkomandi handleiðslu fyrir stoðteymið en samvinna þeirra hefur reynst vel og komið í stað handleiðslu. Þá væri auðvelt að leita til forystu skólans, það væri hlustað og samskiptin væru góð.

Námsmat

Í MA er lögð áhersla á að námsmat sé fjölbreytt og reyni á þekkingu, leikni og hæfni. Námsmati er ætlað að meta hvernig nemandi hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið í áfanga. Samkvæmt óbirtri Gæðahandbók MA á að koma fram í kennsluáætlun hvers áfanga hvernig námsmati er háttað en boðið er upp á þrjár tegundir áfanga eða lokaprófsáfanga, símatsáfanga og lokaverkefnisáfanga. Ljúki áfanga með lokaprófi skal vægi þess að jafnaði vera 30%-70% og vera yfirfarið og samþykkt af fagstjóra en áfanginn þarf jafnframt að hafa þrjá aðra matsþætti. Síamatsáfangi þarf að hafa nokkra ólíka matsþætti og miðað er við að enginn einn gildi meira en 35% af lokaeinkunn. Í lokaverkefnisáfanga velur nemandinn sér verkefni í samræmi við sína námsbraut og í samráði við kennara. Verkefnin eru oftast einstaklings- eða tveggja manna verkefni og þurfa að lágmarki að vera 50% af námsmati áfangans. Hver deild setur sér reglur um skil sem koma fram á námsáætlun og sett hefur verið upp verkefnablað/árekstrablað fyrir hvern bekk til að dreifa vinnuálagi á nemendur sem best. Í máli kennara kom fram að námsmatið væri að verða meira og meira verkefnamiðað út frá hæfniviðmiðum. Sumir nemendur eru að fara í lítill lokapróf. Hægt er að skilgreina áfanga sem verkefnamiðaðan ef lokapróf fer ekki yfir 40%. Verkefnamiðað nám er að færast í meira jafnvægi innan skólans að þeirra mati. Fleiri próf virðast vera í raungreinum en til dæmis í tungumálum þar sem eru að mestu verkefni en próf eru þó í ákveðnum áföngum. Í rýnihópi nemenda kom fram að verkefnin gætu verið fjölbreytt svo sem munnlegur flutningur inni í stofu og úti, myndbandagerð, útsetning á tónlist, afrakstur námsferða, podkast, möppur og fleira en í reglum skólans um nám segir að „Í flestum áföngum er námsmatið að hluta til símat og að hluta próf, skriflegt og/eða munnlegt“ Námsmati í MA er ætlað að hafa tvíþættan tilgang annars vegar að meta árangur af kennslu og námi og hins vegar að vera leiðsagnarmat til að leiðbeina nemendum hvernig þeir geta bætt sig í viðkomandi námsgrein.

Um miðja önn fer fram miðannarmat, sem birt er í INNU fyrir alla nemendur. Miðannarmatið er ekki formlegt mat heldur vísbending um stöðu nemandans og er matið í bókstöfum A (afbragðs), G (gott), S (sæmlegt), O (óviðunandi). Miðannarmatinu er fylgt eftir af náms- og starfsráðgjöfum með viðtölum við nema sem ekki ná árangri á miðannarmati. Á vef skólans má finna reglur um námsframvindu og sveigjanleg námslok, uppvinningsreglu og fall í áföngum en hægt er að endurtaka námsmat í allt að þremur áföngum yfir skólaárið.

Þó MA sé bekkjarskóli býður hann nemendum sínum upp á sveigjanleg námslok en það er hugtak sem notað er þegar nemendur kjósa að ljúka námi sínu á þremur og hálfu ári eða jafnvel fjórum árum í stað þriggja. Þetta er valkostur sem er heppilegur fyrir nemendur sem stunda krefjandi áhugamál svo sem tónlist og íþróttir sem og fyrir nemendur með sérstaka námsörðugleika eða lítinn grunn í íslensku.

Kennarar

Kennarar eru 54 í 50 stöðugildum, þar af 35 konur í 31,8 stöðugildum og 19 karlar í 18,2 stöðugildum. Meðalaldur karlkyns kennara er 49 ár og meðalaldur kvenkyns kennara er 46 ár. Hlutfall stöðugilda kennara með leyfisbréf er 98%. Í hópi kennara MA hafa 32 einstaklingar lokið háskólanámi á meistarastigi auk kennsluréttinda, 17 einstaklingar hafa lokið BA/BS prófi auk kennsluréttinda og fjórir kennarar hafa lokið háskólaprófi án kennsluréttinda eins og sjá má í töflu tíu í skýrslunni. Samtals 11 kennarar hafa skemmri starfsaldur en fimm ár og 21 kennari skemmri starfsaldur en 10 ár eða tæp 40% kennara. Af þessu má ráða að nokkur endurnýjun hefur átt sér stað í kennarahópnum síðastliðin ár. 23 kennarar hafa starfsaldur á bilinu 10 til 20 ár og tíu kennarar hafa starfsaldur yfir 20 ár þar af 5 lengri starfsaldur en 30 ár.

Námsgögn

Í máli kennara kom fram að gott námsefni haldi áföngunum lifandi og hvernig námsefnið er sett fram skiptir verulegu máli. Námsgögn til kennslu eru að breytast að mati kennara frá því að nota bækur yfir í meira verkefnaþætti og leitarmiðað nám. Notað er Moodle, OneNote og INNU og námsefnið er orðið mikið rafrænt en alþjóðlegt námsefni passar ekki alltaf að þörfum nemenda. Nemendur eru farnir að hlusta meira á námsefni en að lesa. Nýjungar í skólastarfi birtast meðal annars í því að kennslubækur í eiginlegri merkingu eru að hverfa og nemendur styðjast meira við rafrænt efni en áður. Nemendur hafa fengið að kynnst sýndarveruleika í líffræðikennslu í MA. Tækjakostur hægir á í stærðfræðinni hvað varðar rafræna þróun en þau eru enn með töfluna og tússpennann. Samkvæmt kennurum hefur málið verið tekið upp við forystu skólans og við höfum fengið einn skjá til prufu. Í sögu var nefnt að vantaði námsefni á íslensku en þar hafa nemendur meðal annars hafið vinnu með Podkast en sett hefur verið upp góð aðstaða til þess. Námsefni verður líka til innan skólans og í nokkrum tilfellum vinna fögin með sitt eigið efni sem hefur orðið til í tímans rás.

Þá fara nemendur í ýmsum greinum í skólanum í námsferðir til að sjá og upplifa ýmislegt sem viðkemur náminu. Þessar námsferðir dýpka skilning nemenda á því sem fram kemur í námsefni áfangans og námið verður gagnlegra fyrir vikið.

Styrkleikar

- Uppsetning námsbrauta er skýr á heimasíðu og í skólanámskrá.
- Námsframboð er fjölbreytt.
- Regluleg endurskoðun skólanámskrár hefur verið í gangi síðustu ár.
- Kennsluáferðir eru fjölbreyttar og aukin áhersla er lögð á leiðsagnarnám og verkefnaþið nám.
- Kennsluáætlanir eru samræmdar skv. gæðahandbók og eru upplýsandi.
- Nemendur eru virkir í kennslustundum og námi .
- Lokanámsmat er fjölbreytt og miðannarmat er upplýsandi um stöðu nemenda.
- Skólinn hefur skýrar reglur um námsframvindu.
- Verkefnaskil bekkja eru skipulögð með töflu yfir verkefnaskil/árekstrarblað til að jafna álagi.
- Kennarar eru vel menntaðir og starfsfólk er áhugasamt.
- Yfirgripsmikil þjónusta við nemendur.
- Umsjónarkerfið og umsjónarkennarar.
- Öflugt forvarnarstarf og verkefnið „Öryggisnetið“.
- Eftirfylgni er með áfangamati í starfsmannaviðtölum og á fundum deilda.
- Vinnufriður í kennslustundum er góður að mati nemenda og kennara.
- Þrátt fyrir bekkjarkerfi býður skólinn nemendum upp á sveigjanleg námslok.

Tækifæri til umbóta

- Námsfni áfanga er misjafnt og vinna þarf að þróun þess..
- Skipuleggja samtal kennara og stjórnenda um breytingar/þróun skólastarfs jafnt á kennsluháttum, tækjavæðingu og sýn skólans.
- Birta Gæðahandbók skólans.
- Auka rafrænt kennsluumhverfi með aukinni tækja- og tæknivæðingu.
- Skoða þarf skipulag áfanga og innlegg kennrar í ljósi niðurstaðna úr áfangamati.
- Nýta niðurstöður áfangamats markvisst til þróunar á kennslu.
- Hvetja kennara án kennsluréttinda í réttindanám.

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Skólabragur Menntaskólans á Akureyri mótast af sýn skólans og einkunnarorðum hans sem eru virðing – víðsýni – árangur en í því felst að sýna skal starfi skólans, umhverfi og fólki virðingu, vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun einnig að leggja sig alla fram og gera eins vel og unnt er. Þá skal sýna trúðmennsku og háttvísi hvar sem komið er fram í nafni skólans. Skólinn telur sig auka á farsæld nemenda með því að sýna gott fordæmi og ætlast til virðingar í samskiptum án þess að slaka á námskröfum. Skólabragurinn byggir á ríkum hefðum og metnaði enda leitast skólinn við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi og stúdentar eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Hluti af skólabrag MA er öflugt og metnaðarfullt félagsstarf sem skipulagt er af nemendum. Í námskrá skólans er lögð áhersla á að gera nemendur enn ábyrgari fyrir námi sínu og starfi til að auka áhuga þeirra og árangur.

Í skólareglum er sérstök efnisgrein um umgengni í húsum skólans en þar segir að góð umgengni er dýrmæt. Nemendur eiga að sýna virðingu fyrir umhverfi sínu með því að ganga snyrtilega um skólann og lóð hans og skilja ekki eftir sig rusl. Sama á við um kennslustofur og aðrar vistarverur skólans.

Hefðir af ýmsum toga einkenna skólabrag MA. Ein af þeim fjölmörgu hefðum er hið fornfræga hvalbein á skrifstofu stjórnenda. Beinið er ríflega aldargamalt en skólinn fékk það að gjöf árið 1921 og fljótlega fóru nemendur að tala um að þeir væru teknir á beinið þegar þeir voru kallaðir á fund skólameistara. Þetta orðalag hefur síðan orðið að þekktu orðatiltæki, að taka á beinið. Þá má einnig nefna söngsal eina af elstu hefðum skólans en þá koma nemendur saman og syngja en í því felst beiðni til skólameistara um leyfi frá kennslu til almenns fjöldasöngs í Kvosinni. Það er síðan skólameistara að ákveða hvort fjöldi nemenda og krafturinn í söngnum sé nægur til að veita leyfi fyrir söngsal. Loks má nefna þá hefð að láta nýnema ganga Menntavegin en það er einn liður í nýnemamóttökunni að ganga frá Samkomuhúsinu upp á Eyrarlandsveg. Þegar upp kom var tekið á móti þeim með húrrahrópum og lófaklappi. Akureyrarbær hefur sett upp söguskilti við samkomuhúsið þar sem fjallað er um Menntavegin og Glötunarstíginn þegar nemendur fóru úr skólanum í sollinn í Samkomuhúsinu.

Í máli stjórnenda kom fram að skólabragurinn væri jákvæður og byggður á gömlum grunni sem er að bjóða upp á metnaðarfullt bóknám til stúdentsprófs. Þá hefur bekkjarkerfið töluverð áhrif á hvernig skólinn

virkar. Söngur á sal er mikilvægur til að skapa jákvæðan skólabrag og samheldni meðal nemenda. Skólabraginn má að hluta þakka öflugum skólafélagi en í MA er hefð fyrir vímulausri árshátíð. Nemendur líta svo á að þeir fái góðan undirbúning fyrir háskólanám eftir veru þeirra í MA. Í rýnihópi kennara kom fram að skólabragurinn og starfsandinn væri góður en kennarahópurinn væri þó dálítið þrískiptur þar sem kaffistofur væru þrjár eða ein í hverju húsi skólans en í heildina væri eining meðal starfsfólks. Samstarf við forystu skólans gengur ágætlega, skilaboð frá stjórnendum eru skýr um það hvert skólinn vill fara og kennarar eru þátttakendur í ákvarðanatöku. Vinnustaðurinn er góður, samskipti innanhúss mjög góð og ákvarðanir teknar út frá faglegum forsendum. Vinnuaðstaða kennara er þó misjöfn og hljóðvist ekki góð. Almennt líður nemendum vel að flestra mati og gleði er í nemendahópnum. Mötuneytið er gott og starfsfólkið þar frábært að mati nemenda en fyrir starfsfólk er valkostur á milli þess að borða í mötuneyti starfsfólks þar sem eingöngu er boðið upp á grænmetisfæði eða mötuneyti á vistinni sem býður allan venjulegan heimilismat. Í rýnihópum nemenda kom fram að andrúmsloftið í skólanum væri gott, þó rígur væri milli brauta/námsára, en það væri alltaf eitthvað í gangi sem gerði skólann skemmtilegan og að MA væri góður skóli. Yngri nemendur töldu að MA væri „þínu ferkantaður skóli“ og nemendur þyrftu að vera ákveðnar týpur en sviðslistabrautin hefði þó brotið það upp.

Kappkostað er að nemendum líði vel í Menntaskólanum á Akureyri og hefur skólinn lengi lagt áherslu á þjónustu við nemendur, forvarnarstarf og náms- og starfsráðgjöf. Á haustönn 2020 lagði stoðteymi skólans könnun fyrir alla nemendur skólans um líðan í Covid 19 og var svörunin 62%. Í heildina líður nemendum vel í skólanum en þó verr en fyrir Covid 19. Stór hluti þeirra er glaður í MA og ánægðir með kennarana. 34% nemenda eru einmanna en 35% nemenda eiga auðveldara með að skipuleggja sig og halda utanum námið. Þá birti skólinn á heimasíðu sinni niðurstöður úr könnun mennta- og barnamálaráðuneytis og Sambands íslenskra framhaldsskólanema um „Nám og líðan framhaldsskólanema á tímum Covid-19“ sem framkvæmd var síðla árs 2020, en þar kom meðal annars fram að um 60% nemenda fannst betra að tímar væru kenndir á netinu samkvæmt stundarskrá þegar staðnámi er breytt í fjarnám, en 40% fannst betra að tímarnir væru teknir upp og þeir gætu horft á tímuna á öðrum tímum og 61% nemenda tilgreindu að faraldurinn og sóttvarnareglur hafa haft slæm áhrif á félagslífið sitt. Ekki eru reglulega framkvæmdar sérstakar kannanir innan skólans um líðan nemenda heldur er stuðst við niðurstöður úr verkefninu Íslenskar æskulýðsrannsóknir, áður Rannsóknir og greining.

Markmið MA er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk, óháð kyni, hefur jöfn tækifæri í starfi. Niðurstöður könnunar Stofnunnar ársins sýna góðar niðurstöður MA undanfarin 3 ár er varðar starfsanda og ánægju og stolt starfsfólks af vinnustað. Árið 2022 var starfsandi með einkunnina 4,24 (af 5) og ánægja starfsfólks og stolt 4,44. Árið 2021 er starfsandi 4,19 og ánægja starfsfólks og stolt 4,40 en á árinu 2020 var starfsandi skv. könnuninni 4,44 og ánægja og stolt 4,46.

Eitt af markmiðum MA úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila er að auka starfsánægju meðal starfsfólks Menntaskólans á Akureyri. Margt er lagt til svo að þetta markmið geti náð fram að ganga svo sem að auka þátttöku í könnun um stofnun ársins, bæta vinnuaðstöðu, endurskoða stofnanasamninga, áframhald á menntabúðum starfsfólks, styðja við starf starfsmannafélags (StaMA) og auka samstarf við aðra skóla. Í áætluninni eru verklok skipulögð á yfirstandandi ári og því næsta.

Samskipti í skólastofunni

Í Menntaskólanum á Akureyri taka skólareglur á samskiptum í skólastofunni en þar segir að mikilvægt sé að nýta kennslustundir vel til náms. Nemendum ber því að vera virkir og sýna háttvísi og kurteisi. Í kennslustundum er kennari verkstjóri og því er tækjanotkun og vinnufyrirkomulag háð ákvörðun hans hverju sinni. Þá er kennara heimilt að vísa nemanda úr kennslustund að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra slæma hegðun. Þá er hluti af skólareglum sérstakar reglur um tölvu- og tækjanotkun í skólanum, einnig um alla meðferð samskiptatækja.

- Við sýnum virðingu í allri notkun og meðferð samskiptatækja.
- Við leitumst við að efla víðsýni okkar með nýtingu tækninnar okkur til framdráttar.
- Við stefnum sífellt á að bæta árangur okkar um leið og við tökumst á við breytingar sem felast í tækniþróun.

Nemendur virða rétt félaga sinna til að stunda nám sitt ótruflaðir. Tölvur, síma og önnur samskiptatæki má aðeins nota í kennslustundum ef kennari leyfir eða mælir svo fyrir. Allar myndatökur og upptökur í kennslustundum eru óheimilar nema með leyfi kennara.

Í MA hafa allir bekkir sinn umsjónarkennara en meginmarkmið með starfi hans er;

- að stuðla að betra gengi nemenda og draga á þann hátt úr brottfalli þeirra úr skóla.
- að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum.
- að efla samkennd og samstöðu meðal nemenda og starfsfólks skólans.

Í rýnihópum nemenda kom fram að samskiptin í kennslustofunni væru almennt góð, kennslan væri hefðbundin en eftir Covid 19 hefði kennslan orðið fjölbreyttari en áður. Verkefnamiðað nám væri yfirleitt í flestum áföngum og símat hefur aukist. Námsálagið er betra þegar verkefnamiðað nám stýrir kennslunni og nemendur fá meira út úr því að vinna verkefni. Vinnuálagið mætti þó vera dreifðara, yfirferð er hröð og verkefnataflan virðist ekki virka sem skildi. Agavandamál eru lítil en þó helst í stærri bekkjum en oft fá nemendur að ráða hvar vinnan fer fram og fara þá á bókasafn eða í Kvosina. Að mati kennara ganga samskipti nemenda og kennara oftast vel fyrir sig en sínavæðingin hefur breytt samskiptum.

Í áfangamati skólans haustið 2021 telja 63% nemenda að kennaranum takist vel að taka á ókyrrð í kennslustundum en 32% nemenda telja það takast sæmilega. Í sömu könnun eru 71% nemenda sammála því að kennarinn útskýri námsefnið vel og 75% nemenda eru sammála því að auðvelt sé að biðja um aðstoð hjá kennaranum. 94% nemenda finnst virkni sem krafist er hæfileg eða mikil og 85% telja fjölda prófa eða verkefna hæfileg.

Félagslíf nemenda

Skólafélag Menntaskólans á Akureyri, Huginn, starfar sem nemendafélag MA en samkvæmt hefðinni er það nefnt skólafélag. Tilgangur félagsins er að skipuleggja og efla félagslíf undir merkjum skólans og gæta hagsmuna félagsmanna eins og stendur í lögum félagsins á heimasíðu þess. Stjórn skólafélagsins er skipuð átta félagsmönnum en það eru forseti, varaforseti, gjaldkerfi, ritari,

skemmtanastjóri, markaðsstjóri, forseti hagsmunaráðs og meðstjórnandi sem tengist málfundafélagi og er tengiliður stjórnar við undirfélög. Á vegum skólafélags MA eru starfandi fjöldi nefnda, ráða og félaga þar má nefna hagsmunaráð, fastanefnd, skemmtinefnd, umhverfisnefnd, markaðsnefnd, málfundafélag, myndbandafélag, dansfélagið (PríMA), söngfélagið/kór MA (SauMA), femínistafélagið (FemMA), leikfélagið (LMA), íþróttafélagið (ÍMA), hinseginfélagið (PrideMA) og tónlistarfélagið (TóMA). Þá gefur félagið út skólablaðið Muninn sem fyrst kom út í október árið 1927 og fagnar því 95 ára afmæli. Þrjú blöð koma út árlega þar af eitt sérstaklega fyrir nýnema. Nánari verklýsingu má lesa í lögum félagsins og á heimasíðu þess. Helstu viðburðir á vegum Hugins skólafélags eru árshátíðin sem haldin er sem næst 1. desember, söngkeppnin, Ratatoskur (opnir dagar), Leiktu betur, Gettu betur og Morfís. Árleg leiksýning LMA er í mars en nýlega var frumsýnt söngleikurinn Footloose, en vorið 2022 var sýndur söngleikurinn Heathers og árið 2021 söngleikurinn Hjartagull en leiksýningarnar fara fram í Hofi. Þá eru fjölmargir minni viðburðir innan skólans sem margir byggja á hefðum hans eða söngsalur, gleðidagar, íþróttakeppnir, kvöldvökur, ræðukeppnir, nýnemamóttaka, spunanámskeið, góðgerðarvika, tónlistarkeppni TóMA Viðarstaukur, Brunnárhlaup með þátttöku allra nemenda og starfsfólks en hlaupnir eru um 4 km innan Akureyrar, jólaþeysudagur og jólatónleikar TóMA og margt fleira. Þá eru nemendur með reglulega hlaðvarpsþætti þó það sé ekki á vegum skólafélagsins. Í rýnihópi stjórnar skólafélagsins kom fram að „félagslífið væri einmitt það sem gerir MA að því sem hann er“ en þátttaka á viðburðum væri mjög góð og til dæmis mættu 95% nemenda á árshátíðina og oft mæta um 300 nemendur á kvöldvökur. Viðburðir fara flestir fram í skólanum nema árshátíðin og uppsetning leikfélagsins en Kvosin er miðpunktur félagslífsins.

Þá kom fram hjá stjórn að aðstaða til félagsstarfs væri góð og aðgengi nemenda að húsnæði skólans væri mjög gott. Skólafélagið hefur til umráða nokkur herbergi í Möðruvallakjallara og salinn í Kvosinni, en þar eru hljómbúr og tækjageymsla. Kennslustofur eru opnar til klukkan tíu á kvöldin og dansfélagið notar Fjósið, íþróttahús skólans. Þá er á Hólum sölubúð til ágóða fyrir útskriftarferð. Nemendur fá einingar fyrir setu í stjórn sem oft eru auka einingar á stúdentsprófsskírteini. Nemendafélagsgjöldin eru innheimt með skólagjöldum en gjaldkeri stjórnar sér um bókhaldið í samvinnu við fjármálastjóra. Samskipti við stjórnendur skólans, félagsmálafulltrúa og húsverði ganga mjög vel en ekki hafa komið upp nein vandkvæði vegna viðburða nemenda á skólaárinu svo sem vegna notkunar á áfengi en viðburðir eru áfengislausir. Stjórnin undirritar heiðursmannasamkomulag við foreldrafélagið varðandi móttöku nýnema sem virðist vera að koma vel út en að öðru leyti kemur foreldrafélagið ekki að starfsemi skólafélagsins.

Löng hefð er fyrir litlu ólympíuleikunum í MA sem snúast um keppni í ýmsum íþróttgreinum og sumum óvenjulegum milli 3U og kennara. Þá er hefð fyrir því að stúdentsefni bjóði kennurum sínum og starfsfólki öllu í svokallað sparifatakaffi á Gamla sal í lok annar. Nemendur mæta í sínu fínasta þússi og reiða fram dýrindis veitingar.

Samskipti við foreldra/forsjáraðila

Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri (FORMA) var stofnað 19. desember 2003. Foreldrafélagið hefur sett sér lög um starfið og markmið félagsins eru samkvæmt heimasíðu skólans:

- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.

- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.

Fram kom hjá fulltrúum foreldrafélags að FORMA fundar að öllu jöfnu mánaðarlega um ýmis mál er koma upp í tengslum við ólögráða nemendur skólans. Félagið hvetur til samstarfs forsvaraðila, skólafyrirvalda og nemenda og haldnir hafa verið forvarnafundir á þess vegum. Náms- og starfsráðgjafi MA situr fundi FORMA og er tengiliður þess við skólann.

Foreldrafélagið og Huginn (skólafélag nemenda) gera árlega með sér samkomulag um samskipti lögráða og ólögráða nemenda við Menntaskólann á Akureyri. Fulltrúar forsvaraðila töldu að það kæmi vel út að skilaboð um þessi mál komi frá nemendum frekar en öðrum. Samkomulagið nær yfir eftirfarandi:

- Eldri nemendur leitast við af fremsta megni að vera góð fyrirmynd yngri nemenda skólans hvað varðar framkomu, ástundun og samskipti.
- Samkomur á vegum skólans eru ávallt vímuefnalausar.
- Lögráða nemendur (18 ára og eldri) bjóða ekki ólögráða nemendum vímuefni eða áfengi.
- Lokaársmenningar eru sérstaklega meðvitaðir um samskipti við nýnema og skulu í því efni senda forráðamönnum nýnema tölvupóst með upplýsingum um allar samkomur á vegum lokaársmenningar.

Fulltrúi forsvaraðila er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd og getur þar borið upp erindi frá forsvaraðilum og skilað upplýsingum til baka. Stjórn foreldrafélagsins er meðvituð um að þróunarvinna um sýn skólans er komin í gang og þá var búið að kynna fyrir stjórn spennarkerfi sem ekki fékkst stuðningur við hjá kennurum en áhugi er fyrir því innan foreldrafélagsins að taka það upp. Þá vilja forsvaraðilar sjá að einkunnarreglan í Innu sé nýtt og að námsáætlanir séu sýnilegar. Að mati fulltrúa foreldrafélagsins er skólabragur og umtal um skólann gott og jákvætt. Styttingu náms í þrjú ár fylgi hins vegar ákveðin félagsleg skerðing og nemendur verða að velja á milli þess að taka þátt í félagslífinu eða sinna heimanáminu en mikil félagsleg pressa fylgir því að útskrifast með sínum bekk þó boðið sé upp á sveigjanleg námslok.

Foreldrafélagið hefur netfang forma@ma.is og þangað má senda fyrirspurnir og ábendingar.

Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Menntaskólinn á Akureyri hefur samvinnu við ýmsar stofnanir á svæðinu svo sem SÍMEY Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Menningarfélag Akureyrar, Tónlistarskólann á Akureyri og menningarhúsið Hof vegna sviðslistabrautar og uppfærslu leikfélagsins.

Framhaldsskólarnir á Norðausturlandi, SAMNOR sem eru Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Verkmenntaskólinn á Akureyri halda reglulega samráðsfundi og hafa reglulega staðið fyrir sameiginlegum menntabúðum innan skólanna og milli þeirra. Menntabúðir MA eru orðnar fastur liður í starfinu og eru haldnar 5-6 sinnum á vetri. Sumar eru eingöngu fyrir starfsfólk skólans, aðrar eru sameiginlegar með SAMNOR skólunum auk þess sem reynt

er að halda nemendastýrðar menntabúðir einu sinni á ári sem eru opnar öllu starfsfólki og nemendum skólans. Menntabúðir sem þessar eru að mati skólans nauðsynlegur vettvangur til að fræðast og ræða um málefni líðandi stundar í skólamálum auk þess sem sameiginlegar menntabúðir skapa rými til samráðs á milli skólanna á svæðinu. Þá er persónuverndarfulltrúi sameiginlegur fyrir SAMNOR skólana.

Kynning á náminu í MA fyrir grunnskólanema er í höndum náms- og starfsráðgjafa en haldinn er einn kynningardagur fyrir alla grunnskóla Akureyrar og er þeim skipt niður þannig að tveir til þrjár skólar koma í senn. Þá er haldinn kynningardagur fyrir utanbæjarskóla. Þá stendur nemendum í efstu bekkjum grunnskóla á Akureyri til boða að taka valáfangann **Komdu í MA** en alls sóttu á haustönn 2022, tuttugu nemendur áfangann úr sex grunnskólum.

Alþjóðlegt samstarf

Menntaskólinn á Akureyri tekur reglulega þátt í samskiptum við skóla í öðrum löndum. Hann hefur tekið þátt í samskiptum og nemendaferðum til Danmerkur, Belgíu og Þýskalands, svo dæmi séu tekin. Þá hafa kennarar átt í samskiptum við kennara í fjölmörgum Evrópulöndum og á Norðurlöndunum og bandarískur skóli kemur reglulega í nemendaheimsóknir í MA. Nemendur hafa auk þess að eigin frumkvæði og á eigin vegum farið ásamt kennurum í náms- og kynnisferðir til borga í Þýskalandi, á Englandi og í Frakklandi, svo eitthvað sé nefnt. Umsjón með erlendum samskiptum er í höndum kennara.

Skólinn er þátttakandi í Erasmus+ verkefni ásamt skóla í Budapest. Verkefnið kallast „Supporting Students and Educators Mental and Physical Well-being in Challenging Times“. Verkefnið hófst að vori 2022 og er því ætlað að finna og hanna átta bjargráð sem nýst geta nemendum og starfsfólki við að bæta andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Slökunarherbergið Friðheimar varð til út frá þessu verkefni, einnig svefnrannsókn og sjálfshjálparefni fyrir nemendur.

Á haustönn 2022 átti MA í tveggja vikna samvinnu við Hagagymnasiet i Norrköping í Svíþjóð. Þetta er Nordplus verkefni sem MA er þátttakandi í ásamt Hagagymnasiet og Tornbjerg Gymnasium í Odense í Danmörku og gengur út á kennaraskipti milli skólanna. Þetta er í sjötta sinn sem verkefnið er í gangi og sænskur kennari heimsótti alla bekki sem eru í dönsku þar sem Svíþjóð er kynnt og æfing í að tala og skilja sænsku. Þá heimsótti íslenskur dönskukennari skólanna í Svíþjóð og kynnir MA, Ísland og íslenskt tungumál og menningu. Ákveðið var að umhverfismál væru einnig á dagskrá að þessu sinni. Kennslan fór fram á sænsku, íslensku og dönsku. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga nemenda á hinum Norðurlöndunum, benda þeim á hversu margt þessar þjóðir eiga sameiginlegt og hvetja þá til að kynna sér löndin betur.

Hópur nemenda í áfanganum ÞÝSK2BE05 fór í lok vorannar 2022 til Berlínar. Ferðalagið er hluti af svokölluðum Berlínaráfanga þar sem nemendur kynna sér mannlíf og menningu þessarar sögufrægu höfuðborgar Þýskalands.

Menntaskólinn á Akureyri og Jessinus læknaháskólinn í Martin í Slóvakíu hafa verið í samstarfi styrktu af Evrópusambandinu undanfarin misseri og hefur náms- og starfsráðgjafi MA farið í heimsókn í skólann.

Uglan – Hollvinasjóður Menntaskólans á Akureyri

Þann 17. júní 2009 stofnuðu 25 ára stúdentar Ugluna, sem er hollvinasjóður MA. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýsköpun í skólastarfi en jafnframt að vera vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn að leita til um önnur mál tengd skólastarfinu. Það er von stofnenda sjóðsins að hann verði vettvangur og farvegur fyrir fyrrum nemendur skólans og aðra hollvini hans að styrkja gott skólastarfið enn frekar. Hægt er að gerast hollvinur og styrkja þannig sjóðinn um kr. 3000 á ári. Á heimasíðu skólans má finna reglur og samþykktir Uglusjóðsins ásamt umsóknar- og skráningarblaði um aðild að Uglusjóðnum.

Styrkleikar

- Skólabragurinn er mótaður af sýn skólans og einkunnarorðum.
- Skólabragurinn er jákvæður og byggir á ríkum hefðum og metnaði.
- Nemendum líður að öllu jöfnu vel í skólanum og telja MA góðan skóla.
- Góður og lifandi vinnustaður, góð samskipti og þátttaka starfsfólks í ákvarðanatöku.
- Starfsfólk er ánægt í starfi og starfsandi mælist töluvert yfir meðaltali (SFR).
- Starfsfólk er stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá.
- Góð samskipti við foreldra/forsjáraðila.
- Öflugt og metnaðarfullt félagslíf með góðri aðstöðu.
- Samkomulag skólafélags og foreldrafélags um samskipti lögráða og ólögráða nemenda.
- Góð tengsl við grunnskóla um valáfangann Komdu í MA.
- Samstarf framhaldsskólanna á Norðurlandi eystra SAMNOR.
- Menntabúðir í MA.
- Virkt erlent samstarf.

Tækifæri til umbóta

- Vinna með skiptingu kennarahópsins á þrjár kaffistofur og auka tengsl þeirra.
- Bæta vinnuaðstöðu kennara og auka hljóðgæði.
- Kanna líðan nemenda með reglubundnum hætti.
- Birta niðurstöður úr könnun Íslenskra æskulýðsrannsóknna á vef skólans.
- Finna leiðir til að verkefnatafla nemenda raskist ekki yfir önnina.
- Auka aðgengi foreldra að námsáætlunum í INNU.

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Húsnæði og aðstaða

Eins og fram kemur á vefsvæði Menntaskólans á Akureyrir á skólinn rætur að rekja til hins endurreista norðlenska skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, sem var stofnaður 1880, en hann var arftaki stólsskólans eða dómsskólans á Hólum í Hjaltadal. Sá skóli mun hafa verið stofnaður í upphafi biskupstíðar Jóns helga Ögmundarsonar árið 1106 og stóð allt til ársins 1801 en þá voru biskupsstólarnir á Hólum í Hjaltadal og Skálholti lagðir niður og starfsemi þeirra flutt til Reykjavíkur.

Ennfremur kemur fram á vefsvæði Menntaskólans á Akureyri að norðlenskur skóli var endurreistur 1880, en þá var settur gagnfræðaskóli á Möðruvöllum í Hörgárdal, en bændaskóli á Hólum í Hjaltadal, hinu forna skóla- og biskupssetri, var stofnaður 1882. Eftir að skólahús á Möðruvöllum brann árið 1902 var skólinn fluttur til Akureyrar. Gamli skóli var reistur sumarið 1904, íþróttahúsið ári síðar og hús Heimavistar á árunum 1946-1956. Haustið 1969 var tekið í notkun kennsluhús fyrir raungreinar með samkomusal í kjallara sem heitir Möðruvellir. Haustið 1996 var síðan tekið í notkun nýtt kennsluhúsnæði sem heitir Hólar, með 9 stórum kennslustofum, vel búnu bókasafni og samkomusal, sem gengur undir nafninu Kvosin, og rúmar 600-700 manns í sæti. Sumarið 2003 var tekið í notkun á skólalóðinni nýtt heimavistarhús. Þá var stofnað rekstrarfélag um heimavist fyrir nemendur úr báðum framhaldsskólunum á Akureyri, Menntaskólanum og Verkmenntaskólanum, sem hýsir um það bil 300 nemendur í eins og tveggja manna herbergjum. Í ársskýrslum Menntaskólans á Akureyri kemur fram að Gamli skóli telur 2300 fermetra, íþróttahúsið 441,5 fermetra, Möðruvellir 1581,6 fermetra og Hólar 2649,8 fermetra.

Mynd 4 – Kort af húsnæði MA



Húsnæði skólans er lýst á vefssvæði MA eins og fram kemur hér á undan. Aðalinnangangur skólans er frá bílastæði við heimavist og komið er inn í vel nýtt fatahengi og afgreiðslu (1) þar er einnig aðstaða húsvara (2). Lyfta og hreinlætisaðstaða er í rýminu á annarri hæð Hóla. Gengið er niður á fyrstu hæð Hóla og þar er vinnuherbergið undir bláhimni (3), vel búið bókasafn skólans og Kvosin þar sem matsaðilar urðu vitni að aldagamalli hefð skólans sem er söngsalur. Sjoppa (4) rekin af nemendum í þriðja bekk og ritver (5) auk svokallaðs Gímald/verkstæði (6). Í kjallara Möðruvalla er

aðstaða skólafélagsins Huginn (7) upptökuherbergi (8) og vinnuherbergi kennara (9). Á fyrstu og annarri hæð Möðruvalla eru kennslustofur. Samkvæmt kortinu er á fyrstu hæð Gamla skóla aðstaða brautarstjóra (10), skrifstofustjóra (11), viðtalsherbergi (12) skólastjórnendur, skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri deila vinnusvæði (13), og fundarherbergi (14). Kaffistofa (15) er á fyrstu hæð Gamla skóla og í kjallara er aðstaða sálfræðings (16) og náms- og starfsráðgjafa (17) þar er einnig Friðheimar (18) og vinnuherbergi kennara undir svörtuloftum (19). Vinnustofur kennara eru í þremur byggingum: Hólum, Möðruvöllum og Gamla skóla. Íþróttaaðstaða er í svokölluðu Fjósi. Auk þess sem nemendur hafa aðgang að íþróttaaðstöðu World Class á Akureyri.

Góðir vegvísar eru um húsnæði Menntaskólans á Akureyri. Skólinn er snyrtilegur en ber þess vissulega merki að húsnæði hans er frá ýmsum tímabilum en elsti hluti hans er yfir 100 ára gamall. Bjartur bogadreginn tengingangur tengir saman húsin og skapar þannig heildstætt skólahúsnæði í annars þremur ólíkum byggingum. Kennslustofur eru ólíkar eftir húsum en unnið er jafnt og þétt að því að endurnýja stofur í gamla skólahúsinu og vel hefur tekist að varðveita sérkenni hússins. Vinnurými kennara eru einnig í þremur húsum og því fylgir vissulega óhagræði. Fram kom hjá kennurum að þessi dreifða vinnuaðstaða gerði það að verkum að tengsl milli kennara væru minni en ella. Þá væri aðstaðan mismunandi eftir húsum góð vinnuaðstaða væri fyrir marga en þrengsli væru mikil á Hólum. Þá þarf að fá aðila til að skoða úrræði vegna hljóðvistar.

Gamli salurinn nýtist vel fyrir kennslu í sviðslistum þó aðbúnaður þar sé að skorum skammti til þess. Salur skólans Kvosin ásamt bókasafni mynda miðju skólans sem nemendur nýta vel sem miðpunkt bæði fyrir félagslífið og sem íverustað milli kennslustunda. Fram kom hjá nemendum að verið væri að vinna í því að auka dýnur/púða í sætin í Kvosinni. Flestir viðburðir í félagslífi skólans fara fram í Kvosinni og hinn einstaki Söngsalur er haldinn þar með reglulegu millibili. Annars voru nemendur ánægðir með aðstöðu sína og aðgang sinn að skólahúsinu utan kennslu en skólastofur eru opnar til klukkan 10 á kvöldin. Dansfélagið notar Fjósið íþróttahús skólans til æfinga. Umgengni um húsnæði skólans er almennt góð og hefur batnað

frá því sem var að mati umsjónarmanns ræstinga og mjög vel sé gengið um eftir kvöldvökur. Nemendur fóru úr skónum hér áður fyrr en þar er eins og engin breyting hafi fylgt því að nemendur hættu því.

Í samtali við rýnihóp annars starfsfólks kom fram að Öryggismiðstöðin sér um að læsa byggingum skólans klukkan 10.00 á kvöldin. Fasteignir ríkisins sjá um viðhald húsnæðisins og það samstarf gengur mjög vel. Þá greiða Fasteignir ríkisins laun fyrir annan umsjónarmann fasteigna enda taka þeir að sér ýmislegt viðhald í húsinu. Minjavernd gildir um ytra byrði Gamla skólans og ástand skólans er almennt í góðu lagi að sögn umsjónarmanna fasteigna.

Safnkostur bókasafnsins er ágætur þó margt sé orðið dálítið gamalt að sögn forstöðumanns bókasafns. Starfsemin hefur tekið breytingum í tímans rás og mikið af útlánnum er í formi tækja svo sem tölvum, heyrnatólum, hleðslutækjum og leyfum á klippiforrit til skamms tíma. Safnið er tvískipt þar sem annars vegar er hljóðahornið fyrir lærdóm og hins vegar svæðið þar sem eru stærri vinnuborð. Bókasafnið er mjög mikið notað af nemendum og mikil hópavinna fer fram á safninu. Á safninu er tölvuþjónusta skólans og þar er veitt margvísleg tölvu- og tæknaðstoð fyrir nemendur og kennara. Tölvuþjónusta skólans er í samstarfi við kerfisþjónustu Advania á Akureyri sem reglulega er með starfsfólk í skólanum til að aðstoða við tæknimál. Menntabúðir eru í umsjón þjónustustjóra tölvudeildar þar sem öllum SAMNOR (framhaldsskólar á Norðurlandi eystra) skólunum er boðið að vera með.

Mötuneyti skólans er stórt og snyrtilegt í heimavist skólans og er opið öllum nemendum og starfsfólki en ekki er innangengt úr skólanum í heimavist. Þá eru útskriftarnemar með sölu á léttum veitingum í Kvosinni. Sameiginleg kaffistofa starfsfólks og mötuneyti er í litlu smekklegu rými í gamla skólanum og þar er eingöngu framreiddur grænmetisréttir. Fjölbreytni er því mikil á mat innan skólans og er almenn ánægja með mötuneytin.

Mynd 5 – Kennslustofa í eðlisfræði



Rýnihópur lögráða nemenda benti á að bókasafnið væri gott og þjónustan þar mjög góð, þá sérstaklega á tæknisviðinu. Aðstaða til að gera podköst er góð og sama gildir um slökunarherbergið (Friðheima). Rými til sviðslista er ekki til í skólanum, en búin er til besta lausnin fyrir brautina í gamla salnum. Nemendur yngri en 18 ára segja að aðstaða til náms sé góð og bókasafnið sé flott. Tæki og tól í efnafræði og líffræði séu hins vegar gömul en í eðlisfræðinni virkar allt eins og það á að gera. Flestar kennslustofur standa nemendum opnar þar til húsum skólans er lokað kl. 22.00 á kvöldin.

Mynd 6 – Listaverk prýða kennslustofur skólans



Húsnæðið skólans er prýtt listaverkum í miklu mæli. Skólinn á mikið safn listaverka sem safnast hefur á löngum starfstíma hans og á vef skólans má finna lista yfir listaverk mánaðarins en fram kom að fyrrum kennari við skólann hefði tekið saman skrá yfir verkin. Listaverkavefur MA hefur að geyma upplýsingar og ljósmyndir af flestum listaverkum í eigu stofnunarinnar. Verkin prýða ganga, rými og kennslustofur skólans og

lita eða forma það andrúmsloft til lærdóms sem í skólanum ríkir. Listaverkin í kennslustofunum setja sterkan svip á hverja kennslustofu fyrir sig. Listaverkasafn Menntaskólans á Akureyri telur hin ýmsu málverk, skúlpúta og myndastyttur, útskurð, keramik, gull og silfursmíði. Vera má að í þessu umhverfi verði til virðing fyrir umhverfinu, fortíðinni, samtíðinni og framtíðinni sem smitast í fasi nemenda í formi sköpunargleði, forvitni, áhuga, metnaði og framtaki.

Styrkleikar

- Snyrtilegt og aðlaðandi húsnæði með góðum vegvísunum.
- Vel hugað að viðhaldi og sérkennum Gamla skólans.
- Fjölbreytt starfsemi bókasafns með góðri vinnuaðstöðu.
- Skammtíma áskriftir til nemenda fyrir klippiforrit.
- Þjónustustjóri fyrir tölvu og tæknivandamál.
- Aðstaða nemendafélags.
- Kvosin er vel nýtt fyrir félagslíf og samveru.
- Hugbúnaður og tölvukostur í reglulegri endurnýjun.
- Gott mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.
- Ný aðstaða til að gera podköst.
- Listaverk sem prýða skólann.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að umbótum á búnaður í kennslustofum fyrir efnafræði og líffræði.
- Vinna þarf að bættri aðstöðu fyrir sviðslistir.
- Vinna þarf að leiðum til bættra tenginga meðal starfsfólks (starfsemi í þremur húsum og þrjár kaffistofur starfsfólks).
- Bæta vinnuaðstöðu kennara á Hólum.
- Ljúka endurgerð á kennslustofum í Gamla skóla.

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Í skólastarfi er mikið unnið með tölulega mælikvarða og árangur má meðal annars mæla úr frá námsárangri, útskriftarhlutfalli, mætingu og brotthvarfi. Menntaskólinn á Akureyri (MA) vinnur samkvæmt því markmiði stjórnvalda að bjóða gæðamenntun fyrir alla nemendur sína. Nemendur í MA voru flestir haustið 2018 eða 745 en haustið 2022 voru þeir 605. Vorið 2020 eru nemendur fæstir eða 526 og er mismunurinn á mesta fjölda nemenda og minnsta fjölda nemenda 219. Nemendur á vorönn eru yfirleitt færri en á haustönn en frávikin ekki mikil ef árið 2019 er undanskilið en þá um vorið stunduðu 736 nemendur nám við skólann að vori en að hausti voru þeir 563. Hér munar samtals 173 nemendum. Þessa fækkun má m.a. rekja til styttingar á námi til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár. Fram kemur í tölulegum gögnum frá Menntaskólanum á Akureyri að að alls hafa 975 nemendur útskrifast á tímabilinu. Flestir nemendur eru brautskráðir af félagsgreinabraut eða 289 og 193 nemendur hafa útskrifast af náttúrufræðibraut á tímabilinu.

Í stefnumiðaðri áætlun MA fyrir árin 2023 til 2025 er ætlunin að 80% nemenda ljúki námi á tilsettum tíma það er að loknum þremur árum, vorið 2025. Staðan 2021 var 71%. Í ársskýrslu skólans kemur fram að við brautskráningu 17. júní 2022 voru útskrifaðir 150 nýstúdentar frá MA, flestir nemendur útskrifast af félagsgreinabraut eða 73 og ágætiseinkunn fá 6 nemendur eða 4% og fyrstu einkunn fá 96 nemendur eða 65% og aðra einkunn fá 46 nemendur eða 31%.

Samkvæmt tölulegum gögnum frá MA kemur fram brotthvarf nemenda haust og vor árin 2016 til 2020. Brotthvarf nemenda er minnst að meðaltali árið 2022 eða 3,3% á vorönn og 2,9% á haustönn. Mest er brotthvarf nemenda að meðaltali árið 2021 eða 6,4% á vorönn og 3,7% á haustönn. Í stefnumiðaðri áætlun MA koma fram viðmið um brotthvarf frá námi upp á 5% og ætlunin er að halda brotthvarfi undir því hlutfalli til ársins 2025.

Grunnþættir menntunar

Í ársskýrslum skólans frá árinu 2018 til ársins 2022 kemur fram að skólastarfið í MA á að þroska víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð. Nemendur eiga að bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu. Allir nemendur eiga að gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína. Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu. Þá á skólastarfið að efla málvitund nemenda. Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi. Skólinn leggur einnig rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig. Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Á vef skólans er fjallað um grunnþætti náms eins og þeir eiga að birtast í starfsemi Menntaskólans á Akureyri en þar segir:

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku;

Í skólanum er mikið símat og áhersla lögð á vinnu nemenda þar sem reynir á alla þætti læsis, tjáningar og samskipta nemenda, t.d. í alls kyns verkefnavinnu og félagslífi. Má þar nefna kynningar nemenda á verkefnum sínum, samræður í para- og hópavinnu, umræður, fjölbreyttan lestur og ritunarverkefni. Nemendur fá þjálfun í að svara spurningum á málefnalegan hátt og að rökstyðja skoðanir sínar og niðurstöður í ræðu og riti. Nemendur æfast í lestri ólíkra texta í öllum námsgreinum. Með þjálfun, stíganda í námi og sérhæfingu verður orðaforði nemenda fjölbreyttari og málið blæbrigðaríkara.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum;

Nemendur eru hvattir til að tjá sig á þeim erlendu tungumálum sem þeir leggja stund á. Þeir fá fjölbreytta texta til að vinna með, tjá sig bæði munnlega og skriflega um innihald þeirra og auka orðaforða sinn um leið. Í tungumálanámi er leitast við að veita nemendum innsýn í ólíka menningarheima og siði sem einkenna viðkomandi málsvæði. Í mörgum öðrum greinum en tungumálum kynna nemendur sér námsefni og nýta sér heimildir á erlendu tungumáli og fá þannig þjálfun í að lesa viðkomandi fagmál. Skólinn leitast við að taka þátt í samskiptum við skóla og skyldar stofnanir erlendis þannig að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum.

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar;

Mikið reynir á talna- og upplýsingalæsi nemenda í mörgum áföngum. Þar eru gerðar kröfur um vinnubrögð sem undirbúa nemendur fyrir nám á háskólastigi, þ.e. að nemendur séu læsir á upplýsingar úr ólíkum miðlum, geti nýtt sér margvíslega tækni í upplýsingaleit, aflað gagna, flokkað þau og metið upplýsingar á gagnrýninn hátt. Nemendur fá þjálfun í að lesa, meta, túlka og kynna tölfræðilegar og myndrænar upplýsingar.

Námshæfni;

Unnið er að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda og gera þá ábyrga fyrir námi sínu. Þeir læra að þekkja styrkleika sína og veikleika og fá aðstoð við að setja sér raunhæf námsmarkmið, forgangsraða verkefnum og skipuleggja tíma sinn. Þeir fá innsýn í mismunandi námsaðferðir og eru hvattir til að tileinka sér markviss vinnubrögð í námi. Nemendur þjálfast í að vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á alla grunnþætti námsins. Áhersla er lögð á samvinnu nemenda, að þeir geti tekið tillit til sjónarmiða annarra og metið eigið framlag og annarra. Nemendur læra að takast á við margvísleg verkefni, yfirstíga hindranir og nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna. Lögð er áhersla á að nemendur setji sér framtíðarmarkmið sem tengjast námi og störfum.

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar;

Í skólastarfinu nýta nemendur sköpunarkraft sinn á margvíslegan hátt. Þeir vinna fjölbreytt verkefni og skila þeim af sér með ólíku sniði þar sem reynir á frumkvæði og skapandi hugsun, auk þess er ætlast til að nemendur geti miðlað þekkingu sinni og hæfni á skapandi hátt. Farnar eru ýmsar náms- og menningarferðir á vegum skólans sem styrkja þessa þætti. Í félagslífinu öðlast nemendur skilning á tengslum menningar og listar við samfélagið. Nemendur gefa út skólablað, halda úti vefsíðu, setja upp leiksýningar, listsýningar, söngkeppni og ýmsar skemmtanir sem krefjast þess að nemendur sýni frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun. Á þennan hátt nýta þeir þekkingu sína til að skapa eitthvað nýtt og draga lærdóm af.

Menntun til sjálfbærni;

Í skólastarfinu er unnið með sjálfbærni með ýmsum hætti. Nemendur nálgast viðfangsefnið út frá eigin persónu, skoða neysluvenjur sínar og áhrif þeirra á umhverfið. Þeir fræðast um samspil lífvera í náttúrunni og söguleg, félagsleg og efnahagsleg áhrif mannsins á náttúruna. Þá læra þeir að orka verður ekki til úr engu heldur umbreytist úr einu formi í annað og hvaða áhrif það hefur á orkubúskap jarðarinnar. Í raungreinum er sjónum beint að auðlindum náttúrunnar og þær takmarkanir sem manningnum eru settar í nýtingu þeirra.

Heilbrigði;

Lögð er áhersla á heilsusamlegan lífsstíl, næringu, hreyfingu og geðrækt. Leitast er við að auka vitund nemenda um ábyrgð þeirra á líkamlegri og andlegri heilsu sinni og að þeir taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og heilbrigðis. Að loknu námi þekkja nemendur gildi reglulegrar hreyfingar og hafa tileinkað sér aðferðir í heilsurækt sem leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðum samskiptum. Hreyfing fléttast inn í allt skólastarfið, meðal annars með því að halda skólalaup, íþróttadaga og bekkjakeppni. Við skólann starfar forvarnateymi og félagsmálafultrúi og er unnið markvisst að fræðslu sem tengist forvörnum sem snúa jafnt að líkamlegri og andlegri heilsu. Markmið slíkrar fræðslu er að nemendur séu meðvitaðir um skaðsemi hvers kyns vímuefna ásamt því að þeir taki ábyrga afstöðu gegn einelti og öðru ofbeldi og hvers konar mismunun. Stuðlað er að góðum skólaanda, samkennd og virðingu fyrir hverjum einstaklingi með öflugum félagslífi, bekkjarfundum, umsjón og námsráðgjöf og áherslu á jákvæð og heilbrigð samskipti

Lýðræði og mannréttindi;

Í skólanum er stuðlað að því að gera nemendur að virkum og ábyrgum þátttakendum í lýðræðissamfélagi. Leitast er við að gefa röddum nemenda vægi í skólastarfinu m.a. með þátttöku í skólafundum, setu í ráðum og nefndum og í innra mati skólans. Í skólanum er starfrækt hagsmunaráð nemenda og skólafélag. Þessi félög eiga fulltrúa í skólaráði og taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði í starfi skólans og taka ábyrga afstöðu til málefna. Þeir vinna ýmis verkefni sem fjalla t.d. um mannréttindi, siðferðisvitund og lýðræði og eru hvattir til umburðarlyndis og virðingar fyrir mismunandi lífsgildum. Nemendur hljóta þjálfun í að setja fram eigin skoðanir og taka þátt í rökræðum og fá þjálfun í að taka gagnrýna afstöðu til álitamála sem eru í brennidepli í samfélaginu. Með virkri þátttöku í skólastarfinu, náminu og með þeim tækifærum sem nemendum bjóðast til áhrifa í félagslífi innan skólans þjálfast þeir í því að vera virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Jafnrétti;

Skólastarfið byggir á jafnréttisstefnu sem segir að stuðla skuli að jöfnum rétti og tækifærum allra, óháð kyni, kynhneigð, hvers kyns fötlun, litarhætti, menningu og uppruna. Jafnframt er stefnt að því að allir nemendur eigi jafna möguleika á að njóta eigin hæfileika og þroska þá með því að tryggja þeim viðfangsefni og menntun við hæfi. Lögð er áhersla á að starfið á námsbrautinni stuðli að jöfnum rétti kynja til náms og að nemendur séu hvattir til að velja sér nám eftir áhuga. Með þessu er leitast við að gera nemendur meðvitaða um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl og að þeir geti myndað sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu. Nemendur vinna ýmis verkefni sem tengjast jafnrétti í víðum skilningi, t.d. fordómum, fjölmenningu, fötlun og trúarbrögðum. Þá læra nemendur að greina áhrif ýmissa þátta á líf einstaklinga og hópa, t.d. stétta, trúarbragða, þjóðernis, litarhátta, búsetu o.fl.

Eins og fram kemur í síðustu skýrslu um ytra mat frá árinu 2017 fyrir Menntaskólann á Akureyrir þá telja matsaðilar sig ekki hafa nægilega góðar forsendur til að leggja mat á það hvort nemendur hafi tileinkað sér

Þá færni sem áhersla er lögð á með grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá framhaldsskóla (fullyrðingar 70-75). Innra gæðamat skólans á þessum þáttum gefur þó vísbendingar um stöðuna, en hún hefur ekki verði könnuð með skipulögðum hætti. Þá kom fram í máli skólameistara að unnið væri með grunnþætti náms innan áfanga skólans en þeir væru ekki nægjanlega sýnilegir í starfsemi skólans enda væri gögnum um grunnþætti náms ekki safnað með skipulögðum hætti.

Í rýnihópum kennara og fagstjóra kom fram að unnið er með grunnþætti náms í flestum ef ekki öllum námsgreinum. Samkvæmt stjórnendum og kennurum í rýnihópum þá er í öllum kennslugreinum í skólanámskrá leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í námið og það er einnig reynt í skólastarfinu almennt m.a. í félagslífi nemenda. Þá hefur skólinn sett sér sýn, stefnur og mat í einstökum málum/málaflokkum svo sem áætlun gegn einelti, áætlun gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi, forvarnastefnu, jafnréttisstefnu, sýn á skólastarf, starfsmannastefnu, og umhverfisstefnu. Þessar stefnur styðja allar við grunnþætti menntunar og undirstrika vilja skólans til að vinna í anda þeirra. Þá er ljóst að sumir grunnþáttanna falla beint að sumum námsbrautanna og samtvinnast innihaldi áfanga. Í áfangalýsingum er áhersla lögð á þekkingarviðmið, leikniviðmið og hæfniviðmið en í þessum viðmiðum má sjá beinar tilvísanir í áhersluþætti grunnþátta náms.

Í vettvangsheimsókn matsaðila í MA bar samtal við nemendur með sér ríkan skilning á sjálfbærni og meðvitund um umhverfi sitt. Í gegnum starf nemendafélags skólans kom fram áhersla á lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir samfélagslegum gildum. Í því samhengi hafa nemendur tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti. Rík réttlætiskennend einkennir skólastarfið í heild.

Langtímaárangur

Menntaskólinn á Akureyri hefur ekki kannað hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum og því er ómögulegt að segja eitthvað til um langtímaárangur í þeim efnum. En bersýnilegt er að nemendur MA nýta sér menntun sína til að sækja í frekara nám í háskólum á Íslandi og erlendis. Auk þess kom fram í samtölum við starfsfólk og kennara skólans að nemendur sem hafa útskrifast úr MA hafa sett svip sinn á íslenskt atvinnulíf, menningar- og listalíf, sem og í stjórnsýslu landsins. Í vettvangsheimsókn í skólann er bersýnilegt að stjórnendur, starfsfólk, nemendur og kennarar skólans eru vakandi fyrir samfélagslegri þróun, breyttum áherslum, kröfum og aðstæðum í íslensku samfélagi. Þannig má sjá spor nemenda MA víða í íslensku samfélagi.

Styrkleikar

- Hátt hlutfall nemenda útskrifast með fyrstu einkunn eða ágætiseinkunn.
- Brottfall nemenda er lágt.
- Stærsti hópur nemenda útskrifast að loknum þremur árum.
- Grunnþættir menntunar í MA eru skýrt skilgreindir á vef skólans.
- Grunnþættir menntunar koma fram á námsbrautum og í áfangalýsingum.
- Skólinn á í góðum samskiptum við nemendur sína.
- Markmið í stefnumiðaðri áætlun fyrir árin 2023-2025.
- Nemendur útskrifast af mörgum mismunandi námsbrautum.

Tækifæri til umbóta

- Skoða hvernig námið í MA nýtist nemendum eftir útskrift.
- Mæla markvisst hvernig grunnþættir náms birtast í námsáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti náms í skólanum.

Heimildir og tilvísanir

- Gögn frá Menntaskólanum á Akureyri (MA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MA – <https://www.ma.is/>
- Árskýrslur MA árin 2018 til 2022
- Stefnuskjal MA frá árin 2023 til 2025
- Sjálfsmatskýrslur MA árin 2018 til 2022
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautarstjóra, fjármálastjóra, formann skólanefndar og stjórn foreldrafélags
- Rýnihópar kennara, gæðaráðs, fagstjóra, nemenda, annars starfsfólks, stoðteymis, og stjórnar nemendafélags ásamt félagslífsfulltrúa
- Skólanámskrá
- Skýrsla um ytra mat Menntaskólans á Akureyri frá árinu 2017